

Frægir drýgja tekjurnar á Airbnb

■ „Hannes er frábær gestgjafi“



ÍKVEIKJA HJÁ VOTTUM JEHOVA



20. JÚLÍ 2018 / 28. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



Anna í lífshættu vegna túrtappa

Ljóti hálfvitinn Bibbi

„Ég hef gaman af því að rífa kjaft“

■ Besti vinurinn var verstí óvinurinn í grunnskóla ■ Stefndi á Ólympíuleikana í Sydney ■ Sjálfsvíg kærustunnar var hræðilegt áfall ■ Vinsældir Skálmaldar komu í opna skjöldu

Akureyri frekar en hasar í Los Angeles




Atli Örvarsson



Hallgrímur kærður fyrir nauðgun í annað sinn:

Ég er saklaus



Líf komst aldrei til meðvitundar:

Gerður og Matti heiðra minningu dóttur sinnar

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Ég hefði aldrei átt að skipta út skota fyrir martini.“

– Leikarinn Humphrey Bogart (25. desember 1899–14. janúar 1957)

Á þessum degi, 20. júlí



356 f.Kr. – Alexander mikli, konungur Makedóníu síðar meir, fæðist.

911 – Rollo, nefndur Göngu-Hrólfur í íslenskum fræðum, hefur umsjá um frönsku borgina Chartres. Andstæðingur Rollos, nefndur Karl einfaldi, reyndist ofjarl hans og þurfti Rollo frá að hverfa ásamt her sínum.



1848 – Fyrstu kvenréttindaráðstefnu sem haldin var lýkur í Seneca Falls í New York-riki. Ráðstefnan stóð yfir í tvo daga.



1944 – Adolf Hitler sleppur með skrekkin þegar reynt er að ráða hann af dögum. Claus von Stauffenberg

greiði fór fyrir tilræðismönnum og þurfti hvorki hann né félagar hans að kempa hærurnar.



1969 – Áhöfn Apollo 11. tekst að lenda, fyrstum manna, á tunglinu. Geimfararnir Neil Armstrong og Buzz Aldrin tóku fyrstu skrefin á tunglinu.

Kveikt í bænahúsi Votta í Reykjavík:

„SATAN, ÞÚ GETUR EKKI STÖÐVAÐ JEHOVAH“

Sumir vottar telja að Satan geti ómögulega stöðvað Jehova.

Hjálmar Fríðriksson
hjalmar@dv.is

Þann 8. júní síðastliðinn reyndi óprúttinn einstaklingur að kveikja í bænahúsi Votta Jehóva á Íslandi. Brunnu nokkrir stólar áður en lögregla náði að slökkva eldinn. Bjarni Jónsson, forstöðumaður Votta Jehóva á Íslandi, segir í samtali við DV að einn karlmaður hafi verið handtekinn vegna brunans. Hann vill þó ekki gefa upp hvort sá maður tengist trúfélaginu.

Bjarni segir að Vottar Jehóva hafi ákveðinn grun um hver stóð að baki íkveikjunni. „Það var brotin rúða og kveikt í fyrir innan. Þetta var eitthvert efni sem var kveikt í og svo fleygt inn. Það brunnu tvö sæti en svo fór reykskynjari strax í gang. Lögreglan kom síðan aðvifandi og slökkti eldinn með dufttæki. Atvik-ið var tekið upp á öryggismyndavél og er núna í höndum lögreglu.“

Vitið þið hvað viðkomandi gekk til?

„Nei, þeir hafa ekkert fengið upp úr honum ennþá.“

Svo þið vitið ekki hvort þetta beindist að ykkur af trúarlegum ástæðum?

„Þetta er bara lögreglumál. Gerandinn var með hettu yfir hausnum. Þeir hafa, ekki mér vitanlega, gefið út neina ákæru.“

Var þetta einhver sem þið þekktuð?

„Af myndbandsupptökum töldum við okkur vita hver þetta er, af öllum tilburðum hans og svoleiðis, þótt hann hafi verið með hettu



Samkomuhús Votta Jehóva í Árbae.



Bjarni Jónsson

yfir hausnum. En það er ekki neitt sem virðist nægja lögreglunni. Hann var handtekinn þarna fljótlega eftir þetta og mér skilst að hann hafi engu svarað. Honum var síðan sleppt lausum. Við viljum ekki gefa upp opinberlega hver var þarna að öllum líkindum að verki.

Lögreglan telur sig ekki hafa öruggar heimildir á þessari stundu.“

Facebook-síðan Heart of Jehovah's Witnesses greindi frá íkveikjunni á dögnum og hlaut sú færsla talsverða athygli, á sjöunda hundrað deildu henni svo nokkuð sé nefnt. Í athugasemdum við þá færslu eru flestir á því máli að Jehovah muni koma söfnuðinum til hjargar. Sumir eru þó þeirrar skoðunar að myrkrhöfðinginn sjálfur hafi átt aðild að málinu. „Púkar,“ segir Diana nokkur. Janis Clark segir: „Satan, þú getur ekki stöðvað Jehovah. Hann er sterkur og er á höttunum eftir þér og þínum púkum. Jehovah nær til alls heimsins.“

Bjarni gefur hins vegar lítið fyrir þessar skýringar. „Nei, ég tek ekki undir það. Þetta er ekkert slíkt. Ef einhver drepur mann eða lemur,

þá er það ekki verk djöfulsins. Fólk ber ábyrgð á sínum gjörðum,“ segir Bjarni.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Vottar Jehóva verða fyrir bardinu á skemmdarvörðum. Í september 2014 greindi Morgunblaðið frá því að reglulega hefðu verið unnin skemmdarverk á áður nefndu húsnæði Votta Jehóva í Hraunbæ. Aðallega hafi grjóti verið kastað í rúður í skjóli nætur og náðust gerendurnir aldrei.

Í kjölfarið sendu forsvarsmenn safnaðarins inn fyrirspurn til Reykjavíkurborgar um hvort girða mætti húsnæðið af til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdarverk. Borgaryfirvöld féllust ekki á þessar metnaðarfullu hugmyndir en þess í stað kom söfnuðurinn fyrir umfangsmiklu eftirlitsmyndavélakerfi. ■



VILTU KAUPA FASTEIGN
Á SPÁNI?

MASA INTERNATIONAL
BÝÐUR ÞÉR Í SKOÐUNARFERÐ TIL
COSTA BLANCA Í JÚNÍ & JÚLÍ Á

29.900 KR.

ÞAR SEM DRAUMAEIGNINA ÞÍNA GÆTI
VERIÐ AÐ FINNA



masainternational.is / S. 555 0366 - Jón Bjarni & Jónas

Jólaóróinn í ár

Verð aðeins kr. **6.500.-**

GEORG JENSEN

HÖNNUÐUR: MONICA FÖRSTER

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



Hver er hann?



■ Hann er fæddur 9. desember 1984.

■ Veturinn 2016 var hann tilnefndur til þrenna Edduverðlauna.

■ Haustið 2017 hlaut hann titilinn Framúrskarandi ungur Íslendingur fyrir afrek á sviði menntamála.

■ Hann elskar risaædlur.

■ Hann á von á sínu fyrsta barni í ágúst.

VAR: EVAR ÞÓR BENEIKSSON

Það er staðreynd að ...



Fílar eru einu skepnurnar sem geta ekki hoppað.



Ekta perlar leysast upp þegar þær eru settar í edik.



Bragðlaukar fiðrilda eru á fótum þeirra.



Jarðhnetur eru ekki hnetur, heldur baunir.



Maður þjáist af dentrofóbíu ef manni er illa við að vera nálægt trjám eða er dauðhræddur við þau.

LANDSÞEKKTUR HESTAMAÐUR ÁKÆRÐUR FYRIR NAUÐGUN Í ANNAÐ SINN

■ Hallgrímur fyrst ákærður í Bretlandi ■ Öllum hestamönnum kunnur ■ Stúlkan ung og starfsmaður hans

Hjálmar Friðriksson
Kristjón Kormákur Guðjónsson
hjalmar@dv.is / kristjon@dv.is



Hallgrímur er landsþekktur hestamaður sem hefur stundað íþróttina frá barnæsku.



Hallgrímur Birkisson er þekktur hestamaður. Hann hefur um árabil verið einn öflugasti sölumaður hrossa á Suðurlandi þar sem hann hefur selt allt frá ungum og efnilegum hrossum upp í kynbóta-hross í fremstu röð. Þá hefur Hallgrímur haft ungar stúlku til að aðstoða hann við tammningar. Nú hefur Hallgrímur verið ákærður fyrir nauðgun, og það í annað sinn. Hallgrímur var 35 ára þegar hann var kærður, árið 2005, grunaður um að nauðga 15 ára stúlku. Stúlka um tvítugt lagði nýverið fram kæru og sakaði Hallgrím um grófa nauðgun. Hefur héraðssaksóknari ákært Hallgrím. Í samtali við DV kveðst Hallgrímur saklaus af báðum ákærum.

Fyrst ákærður í Bretlandi

Hallgrímur er öllum hestamönnum kunnur eins og segir á vef Hestafrétta en hann hefur stundað hestamennsku frá barnæsku. Ungur að árum byggði hann upp hrossaræktarbrú, reiðhöll og tammningastöð. Hann er með landsdómarráttindi og þrátt fyrir kæru og svo ákæru hefur hann ekki slegið slöku við og mætti á síðasta landsmót hestamanna. Hallgrímur heldur úti síðunni foli.is en hann hefur selt ótal hross bæði innanlands og utan. Hefur Hallgrímur verið fastgestur á síðum blaða og tímarita í tengslum við hestamennskuna. Þá hefur Hallgrímur vegna starfsins einnig ferðast út fyrir landsteinana. Það var þá sem Hallgrímur var fyrst ákærður fyrir nauðgun. Í frétt DV árið 2005 sagði:

„Hallgrímur er ákærður fyrir að nauðga 15 ára breskri stelpu í bænum Hookwood í Bretlandi. Þetta á að hafa gerst þann 31. maí á þessu ári. Hallgrímur er giftur maður og á eitt barn með konu sinni. Hann býr á Íslandi en er með annan fótinn í Hookwood, þar sem nauðgunin á að hafa átt sér stað.“

Hallgrími var sleppt gegn tryggingu. Verjandi Hallgríms var lögmaður að nafni David Forsyth. Sagði hann að Hallgrímur viðurkenndi að hafa stundað kynlíf með stúlkunni en ekki vitað að hún væri 15 ára gömul. Einnig hélt hann fram að stúlkan hefði samþykkt að fara með honum í rúmið. Stúlkan hélt hins vegar fram að um nauðgun hefði verið að ræða. Í DV á þessum tíma kom aldrei fram hvort Hallgrímur hefði hlotið dóm vegna málsins. Í samtali við DV öllum þessum árum síðar kveðst hann hafa verið sýknaður.



Hallgrímur var á forsíðu DV haustið 2005. Kvæðst hann saklaus en sagðist hafa stundað kynlíf með stúlkunni en sagðist ekki hafa vitað hversu gömul hún væri.

Grunaður um hrottalega nauðgun á Íslandi

Héraðssaksóknari hefur nú ákært Hallgrím fyrir nauðgun sem á að hafa átt sér stað í febrúar 2017, en stúlkan sem málið varðar var starfsmaður Hallgríms. Er Hallgrími gefið að sök að hafa beitt ungu konuna ofbeldi og nauðgað henni. Hann er saklauss um að hafa komið aftan að stúlkunni, slegið að hana í rassinn

„Ég er saklaus“

og káfað á kynfærum hennar innan klæða.

Þá er Hallgrímur sakaður um að hafa girt niður um hana, hent henni niður á fjóra fætur, snúið henni á bakið og svo nauðgað henni. Samkvæmt ákæru reyndi unga konan að stöðva hann, bæði með að grátbiðja hann að hætta, með því að segja nei og berjast gegn meintu ofbeldi Hallgríms. Í ákæru kemur fram að konan hafi hlotið marbletti og eymsli á kynfærum vegna árásarinnar sem hann er grunaður um að hafa beitt hana. DV reyndi ítrekað að ná tali af Hallgrími og þegar loks náðist í hann var hann tregur til að tjá sig um málið.

„Ég er saklaus af því, það er allveg á tæru.“

Þú varst til umfjöllunar í DV fyrir margt löngu út af öðru máli þar sem þú varst saklauss um að nauðga 15 ára stúlku í Bretlandi? Hvernig fór það mál?

„Ég var algjörlega saklaus af því máli og sýknaður af þeirri kæru.“

Aðspurður hvort hann vildi tjá sig frekar um hið meinta hrottalega ofbeldi sem hann er sakaður um, sagði Hallgrímur að hann vildi það „helst ekki.“ Hann ætti lítil börn og vildi helst fá niðurstöðu í málið áður en hann tjáði sig frekar við fjölmiðla.

Héraðssaksóknari telur framburð hinnar ungu konu trúverðugan og gaf eins og áður segir út ákæru á hendur Hallgrími. Má búast við að málið verði tekið fyrir í september. ■

LOKUM 20. JÚLÍ VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8



Gylfaflöt 6 - 8

Fanntófell

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

RÚMFÖT
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

UNGBARNAVÖRUR
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

KÓSÝFATNAÐUR
ALLT AÐ
85%
AFSLÁTTUR

DÚKAR OG
PÚÐAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

ENN MEIRI LÆKKUN Á ÚTSÖLUVÖRUM

BLÓÐBERGSILMIR
25%
AFSLÁTTUR

GJAFAVARA
25%
AFSLÁTTUR

SVUNTUR OG
GRILLHANSKAR
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

ANDADÚNSÆNGUR
OG KODDAR
25%
AFSLÁTTUR

TILBOÐSSLÁR Í VERSLUN OKKAR Á SMÁRATORGI VERÐ FRÁ 500 KR

★★★★★
NÝJAR
VÖRUR
KOMNAR Í
VERSLANIR
★★★★★

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

ÞJÓÐÞEKKTIR ÍSLENDINGAR D

■ Landsliðsmenn, prófessorar, tónlistarmenn og fjárfestar ■ Sumir með leyfi en

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Fjöldmargir þekktir Íslendingar drýgja tekjurnar með því að leigja út íbúðir sínar í gegnum Airbnb. Þessar upplýsingar má nálgast á heimasíðu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Áður hefur verið greint frá því að þingmennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, og Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Vðreisnar, stæðu í slíkri útleigu. Að auki er eiginkona Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra skráð fyrir íbúð sem er nýtt með þessum hætti.

En það eru fleiri þjóðþekktir Íslendingar sem drýgja tekjurnar með því að leigja út íbúðir sínar. Í þeim hópi eru landsliðsmennirnir Rúrik Gíslason og Alfreð Finnbogason, prófessorinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson, virkjunarsinninn Kristinn H. Gunnarsson, fjárfestirinn Hjálmar Gíslason, uppstandarinn og lögfræðingurinn Bergur Ebbe Benediktsson og tónlistarmaðurinn Högni Egilsson, svo einhverjir séu nefndir. Þessir einstaklingar hafa allir sótt um leyfi fyrir heimagistingu hjá Sýslumanni.

Það gildir ekki um alla þekktu Íslendinga en til dæmis má nefna að söngdíván Hera Björk Þórhallsdóttir er afar virk á síðunni án þess að hafa sótt um leyfi yfirvalda. ■



Íbúð Baldurs og Felix í Starhaga. Dóttir Baldurs, Álfrún Perla, sér um Airbnb-reikninginn og halda gestir ekki vatni yfir gestrisni hennar og liðlegheitum. Nóttin kostar 116 Bandaríkjadali og er pláss fyrir tvo gesti.



Lækjarbrekka



*Alltaf sigild
alltaf ljúf*

Bankastræti 2
101 RVK
Sími 551 4430

Hannes Hólmsteinn leigir út tvær eignir við Hringbraut. Fyrir þá stærri rúkkar hann 145 Bandaríkjadali fyrir nóttina og 80 fyrir þá minni. Hannes fær frábæra dóma sem gestgjafi. Þægilegt sé að eiga samskipti við hann og sagt að hann leggi sig allan fram um að gera dvöl gesta sem ánægjulegasta. Þá kemur fram að maður að nafni Jóhann aðstoði Hannes við útleigu eignanna og þykir sá ágæti maður einkar liðlegur.



DRÝGJA TEKJURNAR Á AIRBNB

maðrir ekki


Íbúð Rúriks, sem hann leigir út í Garðabæ, er í anda landsliðsmannsins, stílhrein og glæsileg. Nóttin kostar 164 Bandaríkjadali en Rúrik lætur fyrirtækið Heimaleigu sjá um starfsemina á meðan hann einbeittir sér að fótboltnum og samfélagsmiðlum.




Landsliðsframherjinn á íbúð í sama húsi og Rúrik Gíslason í Garðabæ. Félagarnir leigja báðir íbúðirnar út á Airbnb.



Uppistandarinn og lögfræðingurinn Bergur Ebbi Benediktsson leigir út kjallaraíbúð sína í miðbænum á Airbnb.



Hera Björk leigir út fallega 80 fermetra íbúð í Nóa-túni. Hún rukkar 257 Bandaríkjadali fyrir nóttina, sem er í hærri kantinum, en gestir lofsyngja þjónustulund hennar og gestrisni.



Tónlistarmaðurinn góðkunnir leigir út íbúð í miðbænum.

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Íbúð Kristins H. Gunnarssonar er í þessu fallega húsi í Hlíðahverfi. Nóttin kostar 98 Bandaríkjadali eða rúmleg 10 þúsund krónur. Kristinn fær afar góða dóma notenda fyrir liðlegheit og að svara öllum fyrirspurnum fljótt og vel.



Túrtappi varð Önnu Margréti næstum því að aldurtíla

■ Hætt komin vegna eiturlasts ■ Á blæðingum í rúmlega mánuð ■ Lán að lækni þekkti einkennin

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



„Ég er heppin að vera á lífi í dag.“

Anna Margrét Baldursdóttir var 16 ára gömul þegar hún fékk svokallað eiturlast af völdum bakteríusýkingar (e. toxic shock syndrome).

Þó að um sjaldgæfa sýkingu sé að ræða þá er frásögn Önnu alls ekki einsdæmi en á dögnum birtist á vef DV.is saga 16 ára kanadískrar stúlku, Söru Manitoski. Sara var í skólaferðalagi í mars 2017 þegar hún fór að finna fyrir kviðverkjum. Hún lagðist til svefns og vaknaði aldrei aftur. Við krufningu kom í ljós að um TSS var að ræða. Árið 2016 var tvítug ensk stúlka nær dauða en lífi eftir að hafa fengið TSS. Sýkingin fór að grassera í leggöngum stúlunnar, Emily Pankhurst, eftir að hún gleymdi að skipta um túrtappa í níu daga.

Þekkt er að langtímanotkun á túrtöppum valdi sýkingunni en í tilfalli Önnu Margrétar var þetta þveröfugt: hún skipti of ört um túrtappa með þeim afleiðingum að það myndaðist þurrkur í leggöngunum, sem olli síðan umræddri sýkingu.

Skalf og tárast

Anna Margrét bjó á þessum tíma á Ólafssirði. „Þetta var í janúar árið 2008, þegar ég var í 10. bekk. Ég var búin að vera á blæðingum í frekar langan tíma, eða rúmlega mánuð. Mér leið



eitthvað skringilega um morguninn og hélt að ég væri að verða eitthvað lasin en dreif mig samt í skólann. Þegar fyrsti tíminn var

hálfnaður byrjaði ég að tárast og skjálfa og réð ekkert við mig. Sat bara skælandi og nötraði öll og vissi

ekkert hvað var í gangi.“

Anna Margrét var í kjölfarið send á heilsugæslu þar sem engar útskýringar fengust á ástandi hennar. Var þá ákveðið að senda hana á sjúkrahúsið á Akureyri þar sem hún gekkst undir fjölmargar rannsóknir og var ákveðið að setja hana í einangrun í varúðarskyni. Það reyndist henni til happs að vakt-hafandi lækni á sjúkrahúsinu hafði áður meðhöndlað sjúkling með TSS og þekkti því einkennin. Á sama tíma var Anna Margrét nálægt því að fá blóðþrýstingsfall og var hluti líkama hennar orðinn alhvítur.

„Það var farið með mig beint upp á gjörgæsludeild og ég skolud að innan og settur upp leggur í stóru æðina í hálsinum. Ég var á gjörgæslu í fimm sólarhringa.“

Á einum tímamarki leit út fyrir að Anna Margrét færi í öndunarbílun og öll líffærin hættu að starfa. Tappa þurfti af öðru lunganu því það féll saman. Eftir fimm daga á gjörgæslu tóku við aðrir fimm dagar á barnadeild sjúkrahússins, enda var Anna Margrét ekki orðin 18 ára á þessum tíma. Eftir það tók við löng endurhæfing.

„Ég þurfti bókstaflega að læra að ganga upp á nýtt með hjálp göngugrindar. Ég var með rosalegan bjúg, eiginlega eins og tröllskessa, og ég man að nafllinn var eins og strík á maganum. Þar að auki missti ég allt þol. Ef ég fór út í vind átti ég erfitt með að anda,“ segir Anna Margrét en fyrir veikindin hafði hún æft gönguskíði og bjó þess vegna að því að vera með gott þol. Það var henni til happs, að sögn læknis á spítalanum.

Enn í dag glímur hún við eftirköst sýkingarinnar, til dæmis veikt ónæmiskerfi, og þá er talið að vefjagigt sem hún glímur við sé að einhverju leyti tilkomin vegna þessa.

„Ég vil bara að stelpur og konur séu meðvitaðar um að þetta geti gerst og að þetta geti verið lífshættulegt. Það eru því miður ekki allir sem vita það. Ég er heppin að vera á lífi í dag.“ ■



SÓLARFILMUR!

Lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

HÖFUM OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ AÐ HRAUNBÆ 102A



Á STAÐNUM



FYRIRTÆKI



VEISLUR



TAKE AWAY



HLAÐBORD



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA


RAKANG
THAI RESTAURANT

RAKANG THAI RESTAURANT - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
RAKANG.IS - RAKANG@RAKANG.IS

HMÍ BEINNI

Happy
Hour

FRÁ
16-19



Blásteinn

MATBAR

BLÁSTEINN 110 MATBAR - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
BLASTEINN.IS - BLASTEINN@BLASTEINN.IS

KALDUR
Á KRANA

Klór frá sundlaug hefur mögulega borist í Varmá í mörg ár

■ Saurgerlamengun langt yfir eðlilegum mörkum ■ Fiskadauði í ánni vekur athygli

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Nýverið fundust dauðir fiskar í Varmá í Mosfellsbæ og er orsök dauða þeirra er óþekkt. Samkvæmt Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis verður ekki lagt í rannsókn á orsökinni og er hár kostnaður ástæðan fyrir því. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fiskadauði í Varmá vekur athygli.

Í fyrra fundust einnig dauðir fiskar á ánni. Málið var ekki rannsakað en líkur voru taldar á að orsökkin hefði verið klórmengun sem barst í Varmá frá sundlaug SÍBS og Reykjalundar. Við framkvæmdir við lauginu í júlí það ár áttu sér stað mistök verktaka þegar fráveita sundlaugarinnar var tengd inn á regnvatnsfráveitu og þar með átti klórinn greiða leið í Varmá. Þetta kemur fram í svörum Mosfellsbæjar við fyrirspurn DV. Í sama svári er því haldið fram að bæjaryfirvöld hafi brugðist strax við og fráveita sundlaugarinnar hafi verið tengd við skólþveitukerfi bæjarins.

Annað kemur á daginn þegar ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins er könnuð. Þar kemur í ljós að ekki var enn búið að bæta úr mistökunum í árslok 2017, rúmu hálfu ári eftir að klórmengunin uppgötvaðist. Engar sýnistökur hafa verið gerðar til að mæla klórmengun í

Það er mjög líklegt að þetta sé efnamengun, en það er auðvitað rándýrt að komast að því og við erum lítið bætari að vita það því að það er alltaf ákveðinn möguleiki á þessari efnamengun því að regnvatnskerfi bæjarins liggur þarna við Varmá.

Varmá og samkvæmt heimildum DV eru enn fremur dæmi um að sundlaugar og heitir pottar séu enn þá tengdir vitlaust í fráveitukerfi Mosfellsbæjar.


Í samtali við Þorstein Narfason, sem hefur starfað hjá Heilbrigðiseftirliti Mosfellsbæjar í yfir 20 ár, kemur fram að eftirlitið hafi engar skýringar á reiðum höndum um hvað valdi fiskadauðanum sem nýlega kom upp. „Það er mjög líklegt að þetta sé efnamengun, en það er auðvitað rándýrt að komast að því og við erum lítið bætari að vita það því að það er alltaf ákveðinn möguleiki á þessari efnamengun því að regnvatnskerfi bæjarins liggur þarna við Varmá.“

Gífurleg saurgerlamengun í Varmá

Regnvatnskerfi Mosfellsbæjar er ekki hreinsað og því leka öll eitru-

efni sem fara í það kerfi beint í Varmá. Samkvæmt ársskýrslu heilbrigðiseftirlits frá árinu 2017 kemur einnig fram að mikil saurgerlamengun sé í Varmá samkvæmt sýnatöku eftirlitsins. Umhverfismörk fyrir Varmá eru 14 saurkóligerlar í hverjum 100 millilítrum, en samkvæmt mælingum fundust allt að 1.500 saurkóligerlar í hverjum 100 millilítrum af vatni. Því virðist sem skólþ berist í Varmá.

Sé reglugerð umhverfisráðuneytisins um fráveitur og skólþ skoðuð er ljóst að magn saurgerla í ánni er langt yfir leyfilegum mörkum. Samkvæmt flokkun vatns í reglugerð um varnir gegn mengun vatns eru vatnsgæði í Varmá í næstneðsta flokknum og uppfylla því ekki skilyrði reglugerðarinnar. Eins og kemur fram framari í greininni voru það mistök verk-



Jóhanna
Björg Hansen



Þorstein Narfason

taka sem vann að sundlaug Reykjalundar sem gerðu það verkum að klór komst í Varmá. Ekki eru það einu mistök in sem verktakar hafa gert þegar kemur að mengun í Varmá því í lok árs 2017 barst skólþmengað vatn í ána vegna mistaka verktaka. Þann 28. maí síðastliðinn flæddi einnig skólþ upp um skólþbrunn og beint í Varmá.

Umhverfissvið gagnrýnir mælingar heilbrigðiseftirlitsins

DV hafði samband við Jóhönnu Björgu Hansen, framkvæmdastjóra umhverfissviðs Mosfellsbæjar, til að spyrjast


fyrir um mengun í Varmá og hvort bæjaryfirvöld hafi beðið um frekari mælingar. „Nú er það þannig að þeir hjá heilbrigðiseftirlitinu taka ákvarðanir um sitt mengunareftirlit. En athugaðu eitt, þegar þú ert með svona eina punktmælingu sem þeir fara í eftir mengunartilkynningu þá ertu ekki með neinn samanburð, þú ert ekki með mælingar sem eru gerðar reglulega til að bera saman hvað er eðlilegt ástand og hvað er ekki eðlilegt ástand. Það er eitt af því sem við höfum óskað eftir við heilbrigðiseftirlitið að þeir geri reglulegar mælingar en ekki bara eina punktmælingu þegar búið er að tilkynna einhverja mengun. Það er bara ekki nóg að birta bara eina mælingu, það er bara alls ekki nóg.“ ■

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.



DATTACA LABS AÐSTOÐAR VIÐ INNLEIÐINGU Á NÝJUM PERSÓNUVERNDARLÖGUM

Föst verðtilboð og kostnaði haldið í skefjum

Hagnýting persónuupplýsinga er gífurlega mikilvægt hagsmunamál inn í framtíðina en á þessu sviði geta Íslendingar orðið fremstir á meðal þjóða. Í dag getur nýting persónugagna hjálpað til við sjálfsafgreiðslu hvers konar, hvort sem um er að ræða heimabanka, verslanir, innritun í flug eða alla þá þjónustu og upplýsingar sem við sækjum á netið,” segir Freyr Hólm Ketilsson hjá nýsköpunarfyrirtækinu Dattaca Labs sem aðstoðar lögaðila við að innleiða nýja persónuverndarlöggjöf á sem heppilegastan og gagnlegastan hátt. Freyr sér fremur tækifæri en vandamál í nýju löggjöfinni:

„Ef þjónustuveitendur hafa skýra sýn á hvaða þarfir og væntingar einstaklingurinn hefur geta þeir sniðið þjónustu sína að hverjum og einum. Einstaklingar geta sannarlega lagt sitt af mörkum, því án einstaklinga

sem prófa nýjar lausnir og hafa vilja og getu til að bjóða fram persónugögn sín verða engar lausnir til eða prófaðar.”

Freyr bendir á að gervigreind sé í stanslausri þróun víða um heim og hún matast á persónugreinanlegum gögnum. „Lifi okkar, væntingum og atferli er umbreytt í gögn sem gervigreindin lærir á til að fjölðaframleiða persónusniðna þjónustu og lausnir.”

Ísland er í fremstu röð þegar kemur að nýtingu persónugagna

Í dag er Ísland aðlaðandi fyrir nýsköpunarverkefni á stórum og smáum stigum, allt frá einrykjum og frumkvöðlum með hugmynd, að stærstu fyrirtækjum heims. Dattaca Labs er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki og er staðsett í Svávarklasánum að Grandagarði 16 í

Reykjavík. Nýlega vann íslenskt hugbúnaðarhús verkefni með milligöngu Dattaca Labs fyrir eitt allra stærsta fyrirtæki í heimi.

„Það er meðal annars vegna framsýni stofnana eins og Landlæknis, sem ákvað nýlega að afhenda öllum Íslendingum rafrænt afrit af sjúkragögnum sínum, sem Ísland hefur vakið eftirtekt úti í hinum stóra heimi. Landlæknir hefur það á stefnuskrá sinni að vera búinn að afhenda öllum Íslendingum öll sjúkragögn á árinu 2020. Landlæknir hefur jafnframt valið Digi.me, samstarfsfyrirtæki Dattaca Labs, sem ákjósanlegan aðila til að veita gögnum frá embættinu til almennings,” segir Ketill.

Tækifæri framtíðarinnar liggja í hagnýtingu með samþykki

„Ný löggjöf varðandi persónuvernd er ekki bara kvöl og pína eins og alltof margir halda fram. Í henni

felast gríðarlega mikil tækifæri, sérstaklega fyrir þau fyrirtæki sem starfa á einstaklingsmarkaði,” segir Freyr, en markmið Dattaca Labs er að gera Ísland leiðandi í heiminum í hagnýtingu persónuupplýsinga.

„Lögræðiþjónusta Dattaca Labs er einstök á þann hátt að við vinnum aldrei út í opinn reikning, við gerum alltaf föst verðtilboð í þá vinnu sem við vinnum. Grunnþjónusta Dattaca, Leiðin til innleiðingar, kostar sem dæmi 89.900 krónur án virðisaukaskatts. Nýsköpunarhugsunin nær til okkar innri þróunar á okkar vörum og þjónustu. Leiðin til innleiðingar er grunnurinn að þeirri vinnu sem framundan er hjá viðkomandi, sýnir núverandi stöðu og hvert þarf að komast til að uppfylla reglugerðina,” segir Freyr og lýsir þjónustunni nánar:

„Í fasa tvö, sem við köllum Síðaskiptin, þá köfum við

dýpra í það sem lögaðili þarf að gera til að uppfylla reglugerðina og aðstoðum og leiðbeinum honum að komast þangað.

Í þriðja fasanum er almenn innleiðing og þess gætt að allir ferlar og vinnsluáðferðir mæti kröfum laganna. Persónuverndarfulltrúi, fræðsla til starfsmanna, áhættumat og annað slíkt sem reglulega þarf að framkvæma kemur hér við sögu.”

Viðskiptaþróun Dattaca nær til allt frá minnstu frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll á Íslandi. Ráðgjöfin er alltaf sérsniðin að þörfum hvers viðskiptavinar.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar á vefsíðu Dattaca Labs: <https://dattacalabs.com/contact-us/> eða með fyrirspurn á netfangið contact@dattacalabs.com.

Lífði í aðeins fimm daga

■ Líf snerti ótrúlega mörg hjörtu á stuttri ævi ■ Foreldrarnir hlaupa fyrir Gleym-mér-ei

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Hjónin Gerður Rún Ólafsdóttir og Matthías Örn Friðriksson misstu fóstur eftir þriggja mánaða meðgöngu. Það voru því mikil gleðitíðindi fjórum mánuðum seinna þegar þau komust að því að Gerður Rún var aftur barnshafandi. Dóttir þeirra Líf kom í heiminn, en andaði ekki sjálf og komst aldrei til meðvitundar þá fimm daga sem hún lifði. Í minningu hennar ætla þau að hlaupa í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar Gleym-mér-ei, sem er styrktarfélag til stuðnings við foreldra sem missa barn á meðgöngu og í/eftr fæðingu.

„Við kynntust árið 2005 á menntaskólaárunum á Akureyri þegar Matti hljóp á mig og gaf mér vænt glóðarauga,“ segir Gerður. Tveimur mánuðum seinna hittust þau í gegnum sameiginlegan vin sem þau voru á rúntinum með og var þá rifjað upp glóðaraugað fræga og eftir það var ekki aftur snúið. Þau kláruðu stúdentspróf og háskólanám frá Akureyri og fluttu síðan til Grindavíkur árið 2010. Gerður sem er 29 ára er með BS-gráðu í hjúkrunarfræði frá HA og ÍAK einkaþjálfarapróf frá Keili. Hún starfar sem hjúkrunarfræðingur á Hjartadeild LSH, hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, og sem styrktarþjálfari. Matti sem verður 32 ára í september er með BS í viðskiptafræði frá HA og MCF-gráðu í fjármálum fyrirtækja frá HR. Hann starfar á fjármálasviði HS Orku. Matti hefur spilað fótbolta frá unga aldri og er enn að, nú með Grindavík.

Alltaf ákveðin í að eiga börn
Eftir 10 ára samband giftu þau sig

sumarið 2016. Þau þekktu bæði vel barnmargar fjölskyldur þar sem Gerður á fjórar systur og Matti þrjú systkin. Barneignir voru því alltaf stefnan, þó að þau hafi aldrei ákveðið barnafjöldann. „Það varð svo skemmtilega allt óvart eftir bókinni hjá okkur en við kláruðum skólann, ákváðum að gifta okkur, kaupa hús og svo eignast börn. Við vorum reyndar alltaf mjög samstíga með að klára háskólanám- id áður en við myndum eignast börn,“ segir Matti. „Gerður kláraði hjúkrunarfræðina 2016 og við giftum okkur um sumarið og það átti því vel við að börn væru velkomin eftir brúðkaup. Við urðum mjög óvænt ólétt strax eftir brúðkaupið, en við vorum búin að ákveða að þetta tæki nú oftast einhvern tíma.“

Þau misstu fósturið eftir tæplega þriggja mánaða meðgöngu og segja það hafa verið mjög erfitt. Líf, dóttir þeirra, var því mjög velkomin um fjórum mánuðum seinna þegar Gerður komst að því að hún var aftur ófrísk.

Ekkert á meðgöngu gaf til kynna að Líf myndi ekki lifa

Meðgangin gekk vel og var Gerður mjög hraust alla meðgönguna. Hún er með styrktarþjálfunarnámskeið í Grindavík og þjálfaði kvöldið áður en fæðingin fór af stað. „Að sjálfsgöðu voru einhverjir eðlilegir meðgöngukvillar af og til en ekkert sem þurfti að hafa áhyggjur af,“ segir Gerður. „Fæðingin gekk mjög vel, ég missti vatnið undir morgun á settum degi, 26. janúar 2018, og var



MYND: HEIDBRÁ PHOTOGRAPHY

kominn í fína sótt upp úr hádegi.“

Líf kom svo í heiminn klukkan 17.44. Þegar hún var lögð á bringuna á Gerði urðu mikil læti á fæðingarstofunni því hún andaði ekki sjálf. Því var skilið strax á milli og endurlífgun hafin. „Líf komst aldrei til meðvitundar og var háð öndunarvél þá daga sem hún lifði. Við fengum engin svör úr krufningunni. Það sá þetta enginn fyrir miðað við hvað meðganga og fæðing gekk vel og er búin að fara vandlega yfir fæðinguna sem gaf engin rauð flögg um að þetta myndi fara svona illa,“ segir Matti. „Stundum er móðir náttúra svo ótrúlega grimm.“

„Við erum mjög ánægð í dag að hún hafi þó staldrað við hjá okkur í fimm daga og það er gott að vita að Líf hafi verið heilbrigð og þetta hafi ekki verið erfðagalli sem getur haft áhrif á næstu meðgöngu. Þessir dagar með henni



og fjölskyldu okkar voru ómetanlegir. Það er mikill samgangur innan fjölskyldunnar og við öll mjög náin. Fjölskylda og vinir hafa hjálpað okkur mikið í sorginni.“

Aðspurð segja þau að það hafi orðið ungbarnadaudi í stórfjölskyldunni áður; andvana fæðing. „Það eru yfir 30 ár síðan og það er mjög mikill munur á úrvinnslu sorgar þá og í dag. Sú fjölskylda á til dæmis engar minningar um tilvist barnsins. Við höfum hugsað okkur að heiðra minningu Lífar en þó ekkert ákveðið eins og er. Það er ennþá svo stutt síðan hún fæddist og við enn að vinna úr sorginni. Hún snerti ótrúlega mörg hjörtu sína stuttu ævi.“

Ljósmaður eru englar í mannsmynd

„Við ákváðum að hlaupa í Reykjavíkumaraþoninu nóttina sem við kvöddum Líf. Við vorum staðráðin í að láta eitthvað gott af okkur leiða fyrir hana,“ segir Matti. Gerður mun hlaupa 10 kílómetra til styrktar Gleym-mér-ei. Matti mun einnig hlaupa ef fótboltinn leyfir, en í það minnsta vera dyggur stuðningsmaður á hliðarlínunni.

Þau segjast hafa vitað af styrktarfélaginu, en ekkert kynnt sér það nánar fyrir en núna. „Það voru auðvitað ljósmaðurnar sem kynntu félagið fyrir okkur, þvílíkir fagmenn og englar sem þær eru. Það er til skammar að það sé ekki búin að semja við þær miðað við þá miklu ábyrgð sem þær bera. Við eigum svo dásamlega góða reynslu af þessum fagmönnum. Það voru þrjár sem sinntu okkur mest á meðgöngunni og í fæðingu Lífar. Þær heimsóttu okkur allar heim til Grindavíkur nokkrum dögum eftir þetta allt saman og

það segir okkur enginn að þær hafi þá verið á launum. Að okkar mati er þetta mjög mikilvæg þjónusta fyrir nýbakaðar mæður og líka þær sem fara ekki með börnin sín heim. Ljósmaðurnar færðu okkur minningarkassa frá Gleym-mér-ei sem gerði svo mikið fyrir okkur á erfiðum tíma. Í honum var að finna tvo „kanínubangsa“, silfurarmband fyrir barnið og móður, skraut til að grafa eitthvað í tengt barninu, glæran poka til að varðveita hárlökk, hluti til að varðveita handa- og fóttafö, og aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra sem missa börn. Þetta eru allt hlutir sem enginn spáir í þegar tekið er til í töskuna fyrir fæðingardeildina. Einnig gaf félagið kælivögguna sem Líf var í eftir andlát hennar en það gerði okkur kleift að hafa hana hjá okkur þangað til við vorum tilbúin að kveðja hana.“

Gerður er vanur hlaupari og hleypur í Reykjavíkumaraþoninu á hverju ári. „Ég jafnaði mig mjög fljótt eftir fæðinguna og var fljótt komin af stað aftur að hreyfa mig. Ég er vön að hlaupa og æfa mikið svo það hjálpaði til og ég var fljót að ná fyrri þreki vegna þess. Undir eðlilegum kringumstæðum með kornabarn hefði mér ekki legið svona mikið á að koma mér í form aftur eftir barnsburð.“ Matti er alltaf í hlaupaformi út af fótboltanum: „Það er enn óvíst hvort ég hlaupi út af honum, en ég verð þá stuðningsmaður númer 1 á hliðarlínunni.“

Við settum okkur það markmið að safna hálfri milljón og því hefur nú þegar verið náð og þökkum við öllum þeim sem styrkt hafa félagið í gegnum okkur kærlega fyrir.“ ■

Gleym-mér-ei styrktarfélag var stofnað 2013. Félagið er til staðar fyrir þá sem verða fyrir missi á meðgöngu eða stuttu eftir fæðingu þar sem lítil ljós eru varðveitt og lífa áfram í minningu. GME er styrktarfélag með þann tilgang að halda utan um styrktarsjóð sem notaður er til að styrkja ýmis málefni í tengslum við missi barns á meðgöngu og í/eftr fæðingu.

Félagið er rekið áfram af hugsjón þeirra sem hafa gengið í gegnum að missa, til að vera stuðningur við þá aðstandendur sem verða fyrir missi.

Upplýsingar um félagið má finna á gleymmerei-styrktarfelag.is

Gleym mér ei styrktarfélag hefur með ykkar styrk:

- Gert gagngerar endurbætur á duftreit fyrir fóstur sem staðsettur er í Fossvogskirkjugarði.
- Gefið tvö rúm og náttborð til meðgöngu- og sængurlegudeildar Landspítalans.
- Haldið minningarstundir þann 15. október í sex ár víða um landið.
- Gefið yfir 120 minningarkassa fyrir foreldra til að taka með heim af fæðingardeildinni.

Ný og enn betri vefverslun



gaeludyr.is

www.gaeludyr.is


HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

STÉTTARFÉLAG BORGAR FYRIR AUGGLÝSINGAR FRAMBJÓÐANDA TIL ASÍ

■ Sverrir Mar segir ekkert athugavert við að AFL greiði kostnað við að auglýsa greinarskrif hans

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Kosningar um forseta ASÍ munu fram í október á 43. þingi ASÍ og taka um 280 manns þátt í þeirri kosningu. Er þessum 280 fulltrúum dreift á verkalyðsfélög eftir fjölda félaga í hverju félagi fyrir sig. Baráttan er formlega hafin þar sem Sverrir Mar, framkvæmdastjóri Starfsgreinafélags AFLs, hefur tilkynnt framboð sitt til forseta ASÍ og er sá eini sem hefur tilkynnt framboð sitt. Gylfi Ásbjörnsson hefur setið sem forseti ASÍ síðan 2008. Eftir að Ragnar Þór Ingólfsson sigraði í kosningum um formann VR og Sólveig Anna Jónsdóttir sigraði í kosningum um formann Eflingar, veiktist staða Gylfa gífurlega innan ASÍ, sérstaklega eftir að Ragnar Þór, formaður VR, lýsti yfir vantrausti á störf Gylfa.

Gylfi tilkynnti svo þann 20. júní síðastliðinn að hann hygðist ekki bjóða sig fram aftur til áframhaldandi setu sem forseti ASÍ eftir 10 ára starf hjá sambandinu. Sama dag tilkynnti Sverrir Mar um framboð sitt. Þegar Gylfi tilkynnti þetta sagði hann: „Í þeim deilum virðist því miður sem persóna mín, í stað sköðana minna, sé orðin aðalatriði og þá á kostnað málefnaþegrar umræðu.“

Stéttarfélagið greiðir auglýsingar um greinarskrif Sverris á Facebook

Í samtali við DV sagði Sverrir að það væri ekkert athugavert við það að fjármunir félaga í AFLi væru notaðir til að auglýsa greinarskrif hans á Facebook-síðu AFLs. „Þetta

Þetta fer bara eftir því hvernig þú orðar hlutina. Ég orða það þannig að við erum í átaki í samfélagsmiðlum og við plöggum hlutum sem við höldum að veki athygli

fer bara eftir því hvernig þú orðar hlutina. Ég orða það þannig að við erum í átaki í samfélagsmiðlum og við plöggum hlutum sem við höldum að veki athygli.“ Sagði Sverrir Mar einnig að stjórn AFLs styddi framboð hans til forseta ASÍ. Stjórn AFLs hittist á fundi og birti niðurstöðu sína á heimasíðu sinni. Á heimasíðunni segir: „Niðurstaða fundarins var að nú þegar ljóst er að sitjandi forseti hyggst ekki gefa kost á sér – mun AFL starfsgreinafélag stíga fram og bjóðast til að axla ábyrgðina.“

Að sögn Sverris hefur AFL greitt um 20 þúsund krónur í að auglýsa greinarskrif hans á sérstakri Facebook-síðu félagsins, eftir að hann opinberlega tilkynnti um framboð sitt til forseta ASÍ.

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs starfsgreinafélags.



Að sögn Halldórs Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra og deildarstjóra félagsmáladeildar ASÍ, í samtali við DV, eru engar reglur til staðar hjá ASÍ vegna kostunar á kosningabaráttu frambjóðenda í forsetaframboði

ASÍ. „Það eru bara engar reglur til um það á vettvangi Alþýðusambandsins,“ segir Halldór aðspurður hvort formaður einhvers stéttarfélags gæti notað fjármuni félagsins til að styðja við sína eigin

kosningabaráttu og jafnvel fjármagnað kosningabaráttu sína: „Ég myndi áætla að það væri frekar mál verkalyðsfélagsins en ekki ASÍ. Ég veit ekki alveg hvar sú kostnaðarsama kosningabaráttu ætti að fara fram.“ ■



BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS



LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Atli Örvarsson, tónskáld.

Atli Örvarsson tekur nýjum kafla fagnandi

AETLAR AÐ LEGGJA SÓLÓFERILINN FYRIR SIG

■ Kann betur við rólegheitin á Akureyri en hasarinn í Los Angeles

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Kvikmyndatónskáld er hvort tveggja tónskáld og að hluta til kvikmyndagerðarmaður. Það er auðvitað ástæða fyrir því að flestar kvikmyndir eru með tónlist, enda er þetta nokkurn veginn eins og

þriðja víddin á verkinu sem þú skynjar á tilfinningasviðinu en tekur kannski ekki eftir.

Svo mælir tónlistarmaðurinn og Akureyringurinn Atli Örvarsson, en hann hefur í áraraddir sameinað tvö af stærri áhugasviðum sínum og átt farsælan feril sem eitt afkastamesta kvikmyndatónskáld Íslands.

Atli lék með mörgum hljómsveitum á sínum tíma, fyrst í Stuðkompaníinu með bróður sínum Karli, síðan lá leiðin í Todmobile í stuttan tíma, þá Sálina hans Jóns míns og loks SSSól. Atli var byrjaður í námi þegar hann lék með SSSól en hann nam tónsmíðar í Berklee College of Music í Boston í Bandaríkjunum og kynnt-

ist þar nýjum geira innan tónlistarinnar sem hann heillaðist af. Segir Atli að þessi kúrs í skólanum hafi komið út frá hálfgerðri köllun í tengslum við þá kúnt að tengja saman músík og mynd.

Sagði skilið við lífið í Los Angeles

Atli hefur farið um víðan völl og samið tónlist fyrir kvikmyndir á borð við meðal annars Vantage Point og Hansel, Gretel: Witch Hunters, The Hitman's Bodyguard sem og hinar íslensku kvikmyndir Hrútar og Fyrir framan annað fólk. Einnig hefur hann unnið að tónlist fyrir fjöldamarga þætti; svo sem Law & Order og Chicago Fire.

Eftir margra ára búsetu í Los Angeles ákvað Atli að láta gott heita og flytja aftur með fjölskyldu sinni á heimaslóðirnar á Akureyri, sem hann segir að gæti vart verið meiri andstæða við lífið í stórborginni vestanhafs. „Það hafa allir staðir sína kosti og galla og kostirnir hér á Akureyri skáka öllu,“ segir Atli.

Anna Örvarsson, eiginkona Atla, hefur áður opnað sig um ástæðu þess að fjölskyldan ákvað að segja skilið við borg englanna. Í viðtali við Akureyri Víkublað rifjaði hún upp röð erfiðra atvika sem breyttu öllu. Hið fyrsta var árið 2002 þegar skólabróðir föður hennar réðst vopnaður inn í Virginia Tech-skólann og hóf skothríð á allt og alla.

Fimm árum síðar réðst nemandi inn í háskóla og myrti 32 manneskjur í skólanum áður en hann svipti sig lífi. Bróðir Önnu var nýútskrifaður úr skólanum en árásin var framin í deildinni sem hann stundaði nám í. Þriðja árásin varð árið 2011 en þá skaut bróðir fyrrverandi barnaþú þeirra

hjúna kærustu sína áður en hann framdi sjálfsvíg. Í júní 2013 þótti nóg komið en þá ók Anna inn í miðja skotárás og segir í viðtalinu að hún hafði aldrei séð jafnmargar hræddar löggur.

„Við viljum ala börnin upp á stað þar sem fólk reynir að gera hið rétta, er heiðarlegt og gott. Við viljum ekki að börnunum líði eins og gestum þegar þau koma hingað. Við viljum að Ísland sé „heima“ fyrir þau, staðurinn sem þau geta alltaf komið aftur til, staðurinn þar sem þau geta verið frjáls,“ segir hún í viðtalinu. Þar tekur hún einnig fram að önnur ástæða þess að fjölskyldan ákvað að flytja til Íslands hafi verið sú að börnin gætu þá verið nær fjölskyldunni. Seldu þau 420 fermetra villuna í Mar Vista-hverfinu í vesturhluta Los Angeles á rúmar 400 milljónir íslenskra króna og héldu heim á leið. Þrátt fyrir að Atli hafi flutt til Íslands hefur hann ekki sagt skilið við upptökuver sitt í Los Angeles. Þar hefur hann aðstöðu hjá fyrirtækinu Remote Control Productions en það er í eigu hins margverðlaunaða Hans Zimmer sem Atli hefur lengi unnið með. „Það er í rauninni hægt að semja tónlist hvar sem er. Með tilkomu netsins hefur allt orðið auðveldara í gegnum árin. Ef þú ert með nógu góða nettengingu, þá getur þú verið hvar sem er á hnettinum,“ segir Atli.

Kómedían erfiðust

Að sögn tónlistarmannsins fer því fjarri að starfið sé hefðbundið „nú-til-fimm starf“ og það á sérstaklega við um þær aðstæður sem hann starfar við í dag. „Ég er á heldur skrítnum stað, því samstarfsfólk mitt vinnur í Los Angeles og tímamismunurinn er ▶

NOKIA 7 PLUS

DUAL 12 MP MYNDAVÉL

SÍMI SEM ÞÚ GETUR
TREYST Á

androidone
NOKIA

ZEISS

Banani greip æpli



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avxtabillinn.is • avxtabillinn@avxtabillinn.is • 517 0110

mikill. Ég vinn því á Íslandi en á Los Angeles-tíma. Þar af leiðandi er iðulega unnið fram á nótt, kannski meira en ég vildi í raun, en ég er virkastur á morgnana, nánast um miðja nótt eða um fimm eða sex leytið,” segir Atli.

Aðspurður hvort vinnuferlið við tónlist að kvikmynd frá grunni feli í sér spennu eða óhug segir Atli að í raun sé ferlið blanda af hvoru tveggja. „Þetta er eins og með öll löng ferðalög. Maður leggur einfaldlega af stað, reynir að finna leiðina. Þetta snýst afar mikið um að kynna myndinni og koma sér inn í þann hugarheim sem fylgir henni. Maður lærir smám saman að semja ákveðna tónlist fyrir ákveðnar myndir. Þetta er eins og ókunnug manneskja sem þú þarft að kynna.“

Atli segir það vera lykilatriði að prófa sig áfram í alls konar stílum en viðurkennir að kómedían geti verið erfiðasti geirinn til þess að semja fyrir. „Í kómedíunni er svo fín lína sem þarf að þræða og eru möguleikarnir miklu færri en hjá viðfangsefni sem er dekkra,” segir Atli. „Í hryllingsmyndum er til dæmis svo mikið hráefni til á meðan gamanmyndir búa yfirleitt yfir bjartari litbrigðum og þá eru færri möguleikar.“

Hvorki Superman né Star Wars
Nýlega samdi Atli tónlistina fyrir vísindaskáldsöguna *How It Ends*, sem Netflix framleiddi og frumsýndi fyrr í mánuðinum. Auk hennar lauk nýlega vinnslu hryllingsmyndarinnar *Jacob's Ladder*, sem er endurgerð samnefndrar kvikmyndar frá 1990 og Atli samdi tónlistina fyrir. Segir hann að sú mynd hafi verið sérstaklega mikil áskorun en jafnframt verkefni sem hann klóraði sér mikið í höfðinu yfir hvernig ætti að nálgast.

„Það má segja að ég hafi prófað að fara eina leið en hætt svo við. Ég fór svolítið nútíma el-ektróníska, „rypmíska“ leið í byrjun en svo fundum við að það var ekki að virka. Við ákváðum síðan að feta klassískari leið,” segir Atli og bætir við að



hann hafi passað að slíta allar tengingar við frummyndina.

„Ég ákvað að tækla þetta sem nýja mynd. Þetta er líka allt önnur mynd og þetta er ekki svipað fyrirbæri eins og að endurgera *Star Wars*- eða *Superman*-stefið, eitthvað sem er íkonískt og nánast bannað að snerta. Ég ákvað samt að reyna að halda huganum algjörlega hreinum. En það merkilega við „rypmann“ á þessari mynd er að þegar við settum einhvern svona stöðugan takt í tónlistina, þá passaði hann ekki. Það hægði meira á myndinni þegar við reyndum nútímalegri leiðir í upphafi. Þetta er mynd sem snýst svolítið um andlega vanlíðan og kaos. Þegar maður fór að búa til reglu og með reglulegri tónlist, þá hætti hún alveg að virka.“

Vesen á ævintýramynd með Nicolas Cage

Atli segist oft koma að verkefnum frá handritsstigi en segir staðreyndina vera þá að oftast sé búið að setja tónlist undir kvikmyndir þegar tónskáldið kemur að þeim. Þetta er þekkt sem

Þetta er ekkert ólíkt því að velja á milli barnanna, þó svo að maður eignist tvö til þrjú börn á hverju ári í svona fagi.

svonefnd „temp“-tónlist eða tímabundið stef sem er notað til þess að gefa klippara og öðrum aðstandendum ákveðna tilfinningu fyrir heildarverkinu og tilfinningum þess. Atli segir „temp“-tónlist oft einfalda málið en hún geti líka flækt hlutina gríðarlega.

„Stundum verður til eitthvað sem heitir „temp love“. Þá eru kannski framleiðendur eða leikstjórinn vanir myndinni með



tímabundnu tónlistinni og vilja þá eitthvað í líkingu við hana frekar en eitthvað gerólíkt,” segir Atli. Að hans sögn fylgir oft vandræðaverkefni í kjölfar draumaverkefnis.

Sem dæmi nefnir Atli kvikmyndina *Season of the Witch*, með Nicolas Cage í aðalhlutverki, og segist hann hafa þurft að semja tónlistina fyrir þá mynd allt að þrisvar sinnum. „Myndin var alltaf að breytast í klippingunni og voru eiginlega þrjú lokaklipp,” segir hann.

„Þetta er í heildina séð mjög flókið ferli en mín reynsla er sú að þegar þú vinnur lengi með sama fólkinu, því meira traust byggir þú upp. Innsæi manns er betur treyst.“

Undir pólskum áhrifum

Spurður hvort einhver kvikmynd standi nær hjarta hans en önnur er Atli ekki lengi að svara. „Þetta er ekkert ólíkt því að velja á milli barnanna, þó svo að maður eignist tvö til þrjú börn á hverju ári í svona fagi,” segir hann kím- inn, „en að því sögðu þá stendur kvikmyndin *Hrútar* mér mjög nærri. Myndin er líka tekin upp á bæ þar sem móðir mín fæddist, þannig að hún er mér hugleikin á mörgum persónulegum sviðum.“

Að sögn Atla hafa pólsk tónskáld einnig höfðað mikið til hans og nefnir hann hinn virta Zbigniew Preisner sem gríðarlegan áhrifavald í hans lífi.

„Síðan er það auðvitað John Williams, hann hafði mikil áhrif á mig. Tónlistin hans fyrir *Schindler's List* er til að mynda algjör snilld og svo er náttúrulega ég af þessari *Star Wars*-kynslóð. Ég var í kringum átta ára aldurinn þegar *Star Wars* kemur og breytir heiminum og tónlistin auðvitað stór hluti af því,” segir Atli og bætir við:

„Það merkilega við þetta á þeim tíma var að koma með eitthverja svona Wagner-tónlist inn í þetta, það var enginn að gera það. Flestir voru fastir í einhverjum djassi og í gegnum Williams kemur einhver nýr heimur sem gjörbyltir öllu.“

Sólóferill í uppsiglingu

Þegar Atli er ekki á fullu að semja tónlist þykir honum notalegast að stunda fluguveiði, borða góðan mat, leggjast í ferðalög og dreypa á góðu rauðvíni. Framundan eru þó mögulega stór kaflaskil því Atli ráðgerir að stíga aðeins til hliðar í kvikmyndatónlistinni.

„Á síðustu misserum hef ég fundið fyrir meiri þörf fyrir að gera tónlist fyrir sjálfan mig, þannig að ég ætla á næstunni að einbeita mér meira að því að vinna í plötu og semja verk, til dæmis fyrir *Sinfóníuhljóm- sveit Norðurlands* og verður hún flutt eftir áramót,” segir hann og kveðst vera afar spenntur fyrir þeirri hugmynd að gefa út sína fyrstu sólóplötu.

„Ég fann einhverja braut og köllun í kvikmyndatónlist á sínum tíma, sem hefur verið alveg frábært, en æ meira hef ég verið að finna fyrir svipaðri köllun og þörf til þess að semja tónlist sem er bara samin tónlistarinnar vegna. Þetta verður nýr kaflí.“

Að sögn Atla er jafnframt skemmtilegt að fylgjast með tónlistaráhuganum færa sig niður keðjuna, eins og hann orðar það, og segir hann gaman að fylgjast með börnunum sínum finna fyrir áhuganum. Hann tekur hins vegar fram að hann sé ekkert að yta á eftir því að þau feti þessi braut. „Þetta bara gerist og það er greinilega sterkur áhugi,” segir hann. „Eins og er oft sagt, þú velur ekki tónlistina, það er tónlistin sem velur þig.“ ■

Sturtuklefar með þaki, sporna gegn raka

Frábært verð og falleg hönnun
Kíktu á sturta.is og skoðuðu úrvalið

sturta.is

HÖFUM OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ AÐ HRAUNBÆ 102A



Á STAÐNUM



FYRIRTÆKI



VEISLUR



TAKE AWAY



HLAÐBORD



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA


RAKANG
THAI RESTAURANT

RAKANG THAI RESTAURANT - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
RAKANG.IS - RAKANG@RAKANG.IS

Happy
Hour

FRÁ
16-19



Blásteinn

MATBAR

BLÁSTEINN 110 MATBAR - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
BLASTEINN.IS - BLASTEINN@BLASTEINN.IS

KALDUR
Á KRANA

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Fátæktarmörk hafa lengi verið pólitískt þræuepli í Danmörku og óhætt að segja að fylkingarnar á þingi séu algjörlega á öndverðum meiði hvað varðar þessi mörk. Borgaraflokkarnir (hægrimenn) eru alfarið á móti þeim en vinstrimenn vilja hafa ákveðin fátæktarmörk til viðmiðunar. Vinstristjórn Helle Thorming-Schmidt lagði grunninn að fátæktarmörkum með því að koma á laggirnar hópi sérfræðinga sem áttu að finna út hver mörkin væru í eitt skipti fyrir öll. Niðurstaðan lá fyrir í júní 2013 og opinbert fátæktarviðmið var orðið að veruleika. Línan var dregin við að einhleypur einstaklingur sem hefði minna en 103.000 danskar krónur í ráðstöfunartekjur, eftir skatt, á ári væri fátækur. Þessi upphæð á að duga fyrir húsnæðiskostnaði, vatni, hita, rafmagn, tryggingum, samgöngum, mat og öðru sem til fellur. Viðmiðið átti ekki við námsmenn og fólk sem á miklar eignir. Þá þurfti fólk að hafa verið undir þessum ráðstöfunartekjumörkum þrjú ár í röð til að teljast fátækt. Niðurstaðan varð að árið 2013 féllu 42.200 manns í þann hóp sem taldist fátækur. Í framhaldinu átti síðan að fylgjast með þróuninni, rýna í niðurstöðurnar og meta til hvaða pólitísku aðgerða væri hægt að grípa. Karen Hækkerup (Jafnaðarmannaflokknum), félagsmálaráðherra, sagði þá að málið snerist ekki endilega um að finna einhverja tölu um hversu margir væru fátækir, heldur að komast að orsökum þess að fólk endar í fátækt, af hverju það festist í fátækt og hvernig væri hægt að þróa félagsmálastefnu sem hjálpaði fólki út úr þeim aðstæðum.

Strokleðrið dregið upp

Ekki leið á löngu þar til fátæktarviðmiðin voru beinlínis þurrkuð út. Það gerðist þegar borgaralegu flokkarnir komust til valda árið 2015 en þeir líta á þessi viðmið sem algjöra markleysu. Karen Ellemann, félagsmálaráðherra frá Venstre, sagði þá að ekki væri hægt að nota þessi viðmið til neins.



NÝ FÁTÆKTARVIÐMIÐ VALDA PÓLITÍSKRI ÓLGU Í DANMÖRKU

- Hægrimenn öskureiðir en vinstrimenn ánægðir
- Tæplega 300 þúsund manns teljast fátækir í Danmörku

Ríkisstjórnin sætti harðri gagnrýni fyrir þetta þar sem hún hafði áður sett þak á hversu mikla fjárhagsaðstoð atvinnulausir gætu fengið frá hinu opinbera og lækkað fjárhagslegan stuðning við innflytjendur. Gagnrýnendur sögðu að afnám fátæktarviðmiðanna hafi verið lokahnykkurinn á verkinu því nú væri ekki lengur hægt að fylgjast með afleiðingum þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Ný fátæktarmörk

Nýlega fékk Danska hagstofan það verkefni frá fjármálaráðuneytinu að fylgjast með hvernig Dönnum gengi

að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en Danir taka þátt í því verkefni. Um 169 markmið er að ræða og ná þau allt frá fátækt til friðar. Eitt markmiðanna er að fækka fólki á öllum aldri sem býr við fátækt um helming fyrir árið 2030. Hagstofan ætlar að fylgjast með þremur atriðum sem geta gefið góða mynd af stöðunni. Þessi atriði eru hversu margir hafa lágar tekjur, hversu margir telja að þeir séu í erfiðri fjárhagslegri stöðu og hversu margir eru undir nýju fátæktarmörkunum og tilheyra því þeim hópi sem telst mjög fátækur. Hagstofan ákvað að nýju fátæktar-

mörkin skyldu vera 117.000 danskar krónur á ári fyrir einhleypan einstakling, það svarar til tæplega tveggja milljóna íslenskra króna. Það eru 9.800 danskar krónur, eða rúmlega 160 þúsund íslenskar krónur, í ráðstöfunartekjur á mánuði. Nú varð einnig sú breyting að aðeins er miðað við eitt ár en ekki þrjú samfelld eins og áður. Þetta hefur í för með sér að hópur mjög fátækra er mun stærri en hann var þegar gamla viðmiðið var við lýði áður en núverandi ríkisstjórn afnam það. Árið 2016 voru um 50.000 manns í þessum hópi, nú eru þeir 226.500.

Þetta leggst vægast sagt illa borgaralegu flokkana og þá sem fylgja þeim að málum. Hjá frjálslyndu hugveitunni Cepos skilja menn ekki að óháð ríkisstofnun skuli geta sett þessi viðmið og benda á að aðferðafræðin sé gagnrýnisverð. Til dæmis hverfi um 55 prósent fólks úr fátæktarhópnum eftir um eitt ár vegna breyttra aðstæðna þess. Þá sé hagstofan að skilgreina hugtak sem sé mjög umdeilt og háð huglægu pólitísku mati.

Niels Ploug, deildarstjóri hjá hagstofunni, segir að tvær ástæður liggi að baki nýju fátæktarmörkunum og uppbyggingu þeirra. Önnur sé þau gögn sem er til að dreifa, þau nái ekki nógu langt aftur til að hægt sé að vinna úr gögnum þriggja ára. Hin ástæðan sé að nýjar greiningar á dönskum gögnum bendi til að það að lenda undir fátæktarmörkum í eitt ár geti haft langtímaafleiðingar og þá sérstaklega fyrir börn. Í samtali við Jótlandsþóstinn sagði hann að viðmiðið væri byggt á útreikningum hagstofunnar og væri ekki nýtt opinbert viðmið heldur byggt á útreikningum frá gamla viðmiðinu sem hafi verið faglega unnið og sérfræðingar hafi mælt með því.

Eins illa og Cepos tekur nýja viðmiðinu þá tekur Atvinnuálaráð verkalýðshreyfingarinnar því fagnandi og segir að hingað til hafi umræðan um fátækt alltaf endað með að rétt væri um hvernig eigi

að mæla vandann í stað þess að ræða hvernig sé hægt að takast á við hann.

Mismikil ánægja með viðmiðin

Talsmaður jafnaðarmanna í félagslegum málefnum fagnar nýja viðmiðinu og vill beina sjónum að því að aðstoða börn sem eru í fátæktarhópnum en þau hafi farið illa út úr þakinu sem var sett á fjárhagslega aðstoð við atvinnulausa. Talsmaður Liberal Alliance (Bandalag frjálslyndra) er hins vegar ekki ánægður með nýja viðmiðið og segir slæmt að viðmiðið brengli umræðuna og það komi niður á þeim sem helst þarfnist aðstoðar. Karen Ellemann, þingflokksformaður Venstre og fyrrverandi félagsmálaráðherra, segir að viðmiðið sé misvísandi og bendir á að fátækt erfið á milli kynslóða þar sem börn þeirra sem njóta opinberrar fjárhagsaðstoðar endi oft sjálf á bótum. Besta leiðin út úr þessu sé því að tryggja að foreldrarinn komist inn á vinnuarkaðinn.

Að öðru leyti hafa ráðherrar og talsmenn ríkisstjórnarinnar ekki viljað tjá sig mikið um málið en samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla er bullandi óánægja á hægri vængnum með nýja viðmiðið. Það má hugsanlega rekja til stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur eins og fyrr segir töluvert snúist um að draga úr bótum til atvinnulausra og innflytjenda. Þetta segja vinstrimenn að hafi verið gert til að hægt væri að draga úr álögum á fyrirtæki og efnafólk en þó hefur ríkisstjórninni ekki tekist að koma öllum markmiðum sínum á þeim vettvangi áleiðis þar sem Danski þjóðarflokkurinn, sem tryggir minnihlutastjórninni meirihluta á þingi, hefur ekki ljáð máls á skattalækkunum til hátekjufólks. Þjóðarflokkurinn sækir mikinn stuðning til fólks úr neðri stéttum þjóðfélagsins og það lítur ekki vel út fyrir hann ef hann samþykkir skattalækkanir á þá sem hafa það best í þjóðfélaginu. ■


next

ÚTSALA

40-60%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²


Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is





Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Arnarhóll



Silfur Egils í vikunni

Ég var til í gamla daga

„Þessi skrítna ljósmynd sýnir sóldýrkendur í Reykjavík á góðviðrisdegi. Sumarið 1960 var víst gott. Þetta var fyrsta sumarið sem ég lifði. Ekki man ég eftir því, en það eru til ljósmyndir af mér í vagni úti í garði í góðu veðri. Svo það komu greinilega dagar þegar ekki rignði.“

Þetta segir Egill Helgason á síðu sinni Silfur Egils á vef DV, þar sem lesa má frásögnina í heild. Egill heldur áfram:

„Þegar ég sé mynd eins og þessa kemst ég að því að ég var til í gamla daga. Arnarhóll virðist hafa verið fjölfarnari staður á þessum tíma en hann var síðarmeir.“

Það er ekki að sjá neinn trjágróður frekar en á myndum frá Reykjavík þessa tíma. [...] Á þessum tíma stóð rónalífíð í Hafnarstræti í blóma. Rónarnir héldu líka til á Arnarhóli og áttu þar skjól. Samt er óhætt að fullyrða að fólkið á myndinni sé ekki allt rónar.

Það er sól í dag. Svo rigning á morgun (í dag), skilst manni. En það er hægt að ylja sér við þessa mynd. Merkilegt samt hvað grasið á hólnum virðist vera illa farið og rytjulegt.“



Niðurlæging íslenskrar þjóðar

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Það er með miklum ólíkindum að skipuleggjendur háttíðarfundarins á Þingvöllum hafi aldrei í ferlinu spurt sig að því hvort þeir væru á réttari leið á vegferð sinni að þessum merku tímamótum. Að það væri bara frábær hugmynd að eyða stórfé í risastórt svið og hljóðkerfi á Þingvöllum, bruna þangað með elítuna í lögrefluglygd, fá umdeildasta þingmann Norðurlanda til þess að halda ávarp, bruna síðan aftur í bæinn og spara ekkert til í að fódra liðið og hella það blindfullt á Hótel Sögu. Til hamingju með daginn ykkar, Íslendingar.

Að sjálfsgöðu var síðan samþykkt að hjóla í einhver duttlunga-kerfni. Gefa út rándýra bók sem lítil þörf er fyrir sem og að stofna sjóð þar sem fimm flokksgæðingar fá sæti í stjórn og fá eflaust ríkulagar þóknarir fyrir að deila út skattfé. Enn stækkar báknið jafnt

og þétt. Sjálfstæðismenn klappa fyrir því á sinni vakt en segjast svo vera á öndverðum meidi í næstu kosningum. Það eina sem var þarft að gera var að smíða nýtt hafrannsóknarskip. Við þurfum að vera vel tækjum búin þegar kemur að eftirliti og rannsóknum á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar sem hefur skapað svo mörgum úrvalsfjölskyldum ævintýrleg auðæfi. Miðað við þessar fátánlegu aðstæður sem skipasmíðin var samþykkt við þá er alveg hægt að slá því föstu að smíði skipsins fer að minnsta kosti þrefalt fram úr kostnaðaráætlunum.

Fírring háttíðarhaldanna í vikunni kristölluðust síðan í þeirri staðreynd að skipuleggjendur gerðu ráð fyrir því að þúsundir Íslendinga myndu keyra til Þingvalla og fylgjast með þessu lestarslysi í beinni. Líklega mætti enginn Íslendingur sérstaklega til leiks en vissulega vöppuðu einhverjir erlendir ferðamenn um þjóðgarðinn og forvitnuðust um hvað væri í gangi. Afgangurinn var lögglumenn og fjölmiðlafólk.

Eins og vera ber eru skipuleggjendur í fullkominni afneitun og munu seint viðurkenna hvurslags niðurlægingu þeir buðu upp á fyrir íslenska þjóð. Þar hefur forseti Alþingis, Steingrímur J. Sigfússon, farið fremstur í flokki og varið rasið Piu Kjærsgaard í hvívetna. Rökin eru þau að hún sé þjóðkjörin og að hún hafi komið til Íslands í krafti embætti síns en ekki sem einstaklingur. Með sömu rökum getur Steingrímur því réttlætt að taka höfðinglega á móti úrvali þjóðkjörinna drullusokka. Ekki er ljóst hvort Erdogan eða Duterte verði á undan að falla í hlýjan austfirskan faðminn.

Víkur þá sögunni að þínlegri stjórnarandstöðunni. Þar á bæ flutu menn sofandi að feigðarósi og höfðu enga skoðun á ruglinu fyrir en því var skyndilega slegið upp í fjölmiðlum. Dagskrá háttíðarinnar er búin að vera í vinnslu lengi og tilkynnt var þann 20. apríl að Kjærsgaard myndi halda tölu við háttíðarhöldin. Það er varla ósanngjarnt að fara fram á að þingmenn fylgist með í vinnunni.

Viðbrögð stjórnarandstæðinga komu síðan varla á óvart. Píratar hafa sjaldan látið hjá líða að stökkva á vænlegar Facebook-hneykslisöldur og skreyta sig popúlískum fjöðrum. Þeir ollu ekki vonbrigðum í þetta skiptið og stíga fram með tilgerðarleg mót-mæli á síðustu stundu. Heiðarlegra hefði verið að stíga fram og viðurkenna að enginn í þingfloknum hefði veitt því nokkra athygli sem í vændum var og að þingmenn flokksins skömmuðust sín niður í tær fyrir að hafa ekki hreyft neinum mót-mælum í aðdraganda mót-mælanna.

Sú ágæta kona Helga Vala Helgadóttir hefur að sama skapi gott auga fyrir dramatíkinni og lét gleppast af fátíðinu á Facebook. Hún hefði betur límt á sig mót-mælalímmiða frá VG-villikettinum, látið sig skjálfa af kuldahrolli hinna réttlátu og tuldrað fyrir munni sér orð sem sérhver íslensk sjálfstæðishetja hefur eflaust þurft að grípa til í árána rás: „Fy for fanden.“ ■

4 erlendir embættismenn sem Steingrímur mun taka fagnandi á næsta háttíðarfundi:



Adolf Hitler

(með hjálp Þórhalls miðils). Hinn þjóðkjörni þýski leiðtogi dádíst að mörgu hjá norrænu þjóðinni og þrátt fyrir umdeildar skoðanir þá má ekki horfa á manninn, heldur embættið. Adolf hefði eflaust haldið innblásna ræðu um ágæti íslenskra aría.

Robert Duterte

Allt að því handahófskenndar aftökur undir stjórn Dutertes og fasskír tilburðir hans eru vissulega umdeildir en það má ekki gleyma því að hann er þjóðkjörinn leiðtogi Filippseyja. Samband þjóðanna verður sífellt nánara enda koma 4,5% allra innflytjenda frá Filippseyjum.



Recep T. Erdogan

Tyrkneski forsetinn var nýlega endurkjörin með glæsilegum hætti eða með 97,7% atkvæða. Skoðanir hans og gjörðir eru umdeildar en hann er fulltrúi tyrknesku þjóðarinnar og samherji Íslands í NATO.

Viktor Orban

Hinn þjóðkjörni ungverski forsætisráðherra gæti farið ítarlega yfir áætlun sína um að brytja niður lýðræði þjóðar sinnar, skref fyrir skref.



Vestfirðir

20. júlí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is

MALARHORN ER KJÖRINN ÁNINGARSTAÐUR:

Veitingar, gisting, sigling og fuglaskoðun



Malarhorn er gistiheimili á Drangnesi sem opið er allt árið í kring en yfir sumartímann, frá 15. maí og út september, er á sama stað opinn veitingastaðurinn Malarkaffi. Á staðnum er enn fremur boðið upp á siglingar út í Grimsey tvisvar á dag, kl. 9 á morgnana og 13.30, og eru farmíðar í siglinguna keyptir í Malarhorni. Fuglalíf í Grimsey er fjölskrúðugt og með siglingunni fylgir leiðsögn og fræðsla um fuglalífið. Í Grimsey er ein af stærstu lundabyggðum í heimi. Siglingarnar eru í boði frá 15. júní til 15. ágúst þegar fuglalífið er í sem mestum blóma.

„Frá maí og út september er háannatími hérna en við höfum opið allt árið. Það er vissulega fremur rólegt hérna á veturna. Malarhorn er kjörinn áningarstaður fyrir þá sem keyra Strandirnar,” segir Þóra Margrét Ólafsdóttir hjá Malarhorni.

Fjölbreyttir gistimöguleikar
Malarhorn er með gistirými fyrir um 50 manns í rúmlega 20 herbergjum. Sum herbergin eru með sameiginlegri baðaðstöðu, önnur eru fjölskylduherbergi með sérbaðherbergi, herbergi með sólskála eru einnig í boði og svo íbúðir.

Meirihluti þeirra sem gista er erlendir ferðamenn en

staðurinn hentar vel fyrir Íslendinga á leið um þessar slóðir. Oftast er hægt að fá gistingu með fremur litlum fyrirvara og er þá best að hringja í síma 547-1010, kanna hvað er í boði og panta gistingu.

Ferskur fiskur og lamb

Veitingastaðurinn er opinn alla daga vikunnar frá 12 á hádegis og fram til um kl. 20.30 en lokunartíminn á kvöldin er fremur sveigjanlegur ef nóg er að gera. „Við bjóðum upp á ferskan fisk úr sjónum hérna í kring, steinbit, pönnusteiktan þorsk og plockfisk, sem er mjög vinsæll. Síðan bjóðum við meðal annars upp á hægeldað lambalæri,” segir Þóra. Einnig er vinsælt að fá sér kaffi og kökur á staðnum um eftirmiðdaginn.

Drangnesið er töfrandi staður, Malarkaffi er kjörinn áningarstaður fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar í nágrenninu og Malarhorn er prýðilegur gistikostur fyrir þá sem vilja dveljast lengur á staðnum. „Hérna af pallinum er útsýni yfir sjóinn og út í Grimsey. Síðan eru heitir pottar hérna úti við sjóinn sem kostar ekkert í og sundlaugin er hérna við hliðina,” segir Þóra.

Sjá nánar á vefsíðunni malarhorn.is





380 RESTAURANT:

Splunkunýr og spennandi veitingastaður á Reykhólum

Veitingastaðurinn 380 Restaurant var opnaður í nýrri viðbyggingu við Hólabúð að Reykhólum þann 14. júní síðastliðinn. Eigendur eru hjónin Ása Fossdal og Reynir Þór Róbertsson en þau reka einnig verslunina Hólabúð í sama húsnæði. Rekstur veitingastaðarins hefur farið vel af stað og er hann vinsæll bæði af heimamönnum og innlendum sem erlendum ferðamönnum.

„Við gerum mikið út á mat úr hér- aði og mun sú áhersla aukast mjög með haustinu þar sem stefnt er á ærkjöt og selkjöt (sem verður meira á vorin). Áherslan verður alltaf á úrvalshráefni og við vorum að taka inn nýveidda bleikju hér frá Reykhólum. Matseðillinn er dálítið breytilegur eftir því hvaða ferska hráefni við fáum hverju sinni,“ segir Reynir.

380 Restaurant dregur nafn sitt af póstnúmerinu í Reykhólahreppi. Staðurinn er opinn alla daga vikunnar út sumarið. „Það er opið í kaffi á morgnana um leið og verslunin er opnuð klukkan 10.00 en svo byrjar hádegislaðborð klukkan 11.30 og stendur til klukkan 13.30. Hádegislaðborðið er fjölbreytt og breytilegt en það er alltaf kjötréttur, fiskréttur, súpa, nýbakað brauð og salatbar.“

Staðurinn tekur að jafnaði 26 manns í sæti en hægt er að taka við allt að 50 manna hópum ef hringt er áður og bókað.

„Kvöldmatseðillinn er síðan í gildi frá 16.00 til 21.00. Matseðillinn er fjölbreyttur en líklega er Hólabúðarhamborgarinn vinsælastur að öðrum


réttum ólöstuðum. Hann hefur slegið rækilega í gegn á TripAdvisor. Það eru sósurar sem gera hann svo sérstakan og eftirminnilegan en þetta er eitthvað sem þú færð ekki annars staðar,“ segir Reynir.

Að sögn Reynis er staðurinn vinsæll hjá fjölskyldufólki og krakkarnir sækja mikið í fisk og franskar – „fish and chips“. Síðan er hægt að taka með alla rétti sem eru á matseðli og eru margir sem nýta sér það, hringja og panta og sækja síðan.

Þöntunarsíminn er 434-7890 en nánari upplýsingar eru á Facebook-síðunni Hólabúð Reykhólahreppi. 380 Restaurant er spennandi staður sem ferðalangar á leið vestur um land ættu endilega að hafa í huga.

Þess má geta að 380 Restaurant hefur fengið frábæra dóma á TripAdvisor og að jafnaði fengið fimm stjörnur í einkunn. Bæði innlendir og erlendir viðskiptavinir lofa matinn og þjónustuna og margir hafa sérstakt orð á því hvað Hólabúðarborgarinn er frábær. Einn segir: „Besti borgari sem ég hef bragðað. Góður matur og virkilega huggulegur veitingastaður.“ Annar segir: „Þessi staður er þess virði að stoppa á. Einn af þeim bestu.“

3·8·0
RESTAURANT



VEGAMÓT BILDUDAL

Besta „fish & chips“ í heiminum að margra mati

Á Bildudal reka hjónin Gísli Ægir Ágústsson og Anna Vilborg Rúnarsdóttir Vegamót, eina veitingastaðinn, búðina, kaffihúsið og barinn í bænum. „Og einu félagsmiðstöðina,“ segir Gísli, sem er fæddur og uppalinn á Bildudal og þarf ekki að fara langt frá vinnustaðnum til að finna æskuheimilið.

„Æskuheimilið er á Tjarnarbraut 1 og Vegamót eru á Tjarnarbraut 2. Mamma og pabbi búa hinum megin við götuna þannig að þetta er mjög hentugt. Ég er í um 50 metra fjarlægð frá æskuheimilinu. Við hjónin fluttum aftur vestur fyrir sjö árum, eftir að hafa búið í Reykjavík í sjö ár.“

Vegamót hafa verið í rekstri í nokkuð mörg ár, frændi Gísla rak Vegamót í 27 ár, síðan tóku þrjár konur í fjölskyldu Gísla við og ráku staðinn í fimm ár. „Þegar þær ákváðu að hætta rekstri og fara í önnur verkefni buðu þær okkur að kaupa reksturinn, þá sá ég að þarna var tækifæri sem býðst ekki á hverju ári,“ segir Gísli, en þau hjónin hafa rekið staðinn frá 1. september síðastliðnum.

„Ég er mataráhugamaður og hef alltaf verið, ég er líka lífskúnster og hef verið í alls konar samfélagsstörfum,“ segir Gísli. „Ég var einn af þeim sem stofnuðu Skrimslasetrið, hef verið veislustjóri á flestum skemmtunum hér á sunnanverðum Vestfjörðum og syng í hljómsveit.“

Vegamót býður upp á fjölmargar nýjungar

„Vegamót er fallett sambland af grilli og veitingastað, hér færðu alla flór-una,“ segir Gísli. „Fastur matseðill er í boði alla daga; hamborgarar, „fish & chips“ sem við höfum itrekað fengið athugasemdir um að sé besta „fish & chips“ í heiminum. Í því er þorskur, sem kemur frá Patreksfirði. Við bjóðum líka upp á lax héðan úr firðinum.“

Yfir veturinn er ég með villibráðar-kvöld í október, en ég hafði séð um það

fjögur ár á undan fyrir fyrri eigendur, jólahlaðborð, kræklingakvöld, kínverskt kvöld. Það eru sem sagt alls kyns matarviðburðir í boði yfir veturinn og stundum lifandi tónlist með, til dæmis trúbador oft um helgar. Þannig að það er alls konar í boði.

Þegar við tókum við hér var Guðmundur Liljendal kokkur á staðnum og hann kenndi mér ýmsa hluti í eldhúsinu, til dæmis sósugerð og fleira. Við gerum allar okkar sósur sjálf, eins og hamborgarasósurnar, þar bjóðum við upp á þrjár sósur: chilimajó, bearnaise og ferskt kryddjurtamauk, við bjóðum ekki upp á þennan hefðbundna vegaborgara, heldur erum með 140 gramma kjöt í borgurunum. Við erum með chilimajó með frönskunum og við gerum umagisósu á „fish & chips“.

Erlendir ferðamenn, auk heimamanna, heimsækja Vegamót á tímabilinu frá maí til október, nóvember, en yfir veturinn eru gestir aðallega heimamenn og þeir sem koma á Bildudal vegna Arnarlax og Ískalk. „Þá sé ég oft um kvöldmat fyrir starfsmenn og gesti þeirra að kvöldi til,“ segir Gísli. „Ég tek einnig að mér veislustjónustu út fyrir Bildudal og sá til dæmis um 250 manna árshátíð í vor á Patreksfirði fyrir fyrirtækin hérna á svæðinu.“

Svo til gamans má nefna að í vetur var ég með óveðursopnun. Ég á 30 ára gamla Löðu Sport og setti son minn í að sækja fólk sem treysti sér ekki til að ganga til okkar, og einnig að skutla því heim. Þetta heitir að sníða sér stakk eftir vexti og velvildin skilar sér alltaf til baka.“

Vegamót eru að Tjarnarbraut 2, Bildudal. Síminn er 456-2232 og netfangið er vegamotbildudal@gmail.com. Vegamót eru á Facebook: Vegamót Bildudal.

Opnunartími er kl. 10–22 yfir sumarið og styttist svo yfir skammdegið þegar rólegra er.



WESTFJORDS ADVENTURES

Gönguævintýri og sjóstangaveiði í náttúrufegurð Vestfjarða

Vestfirðirnir hafa til að bera fjölbreytta og heillandi náttúrufegurð sem laðar að bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Ferðaþjónustufyrirtækið Westfjords Adventures var stofnað árið 2012 og er staðsett að Þórsgötu 8a á Patreksfirði. Erlendir ferðamenn, sem dreymir um að upplifa ævintýri í ægiefagurri og hrikalegri náttúru Íslands, sækja mjög í ferðir hjá fyrirtækinu en ferðirnar henta líka afar vel íslenskum ferðamönnum sem vilja kynna landinu sínu.

„Íslenskir ferðamenn sækja helst í gönguferðirnar hjá okkur. Við erum með heildarþjónustu fyrir gönguhópa, bæði leiðsögn og ráðgjöf um samsetningu gönguleiða. Gönguhópar fá ráðgjöf hjá okkur um heppilegar gönguleiðir með tilliti til lengdar og erfiðleikastigs. Oftast eru þetta tveir til fjórir göngudagar og við sjáum meðal annars um rútuferðir til að ferja fólk á milli staða, gistingu og mat fyrir hópinn,“ segir Gunnþórunn Bender hjá Westfjords Adventures og nefnir vinsælustu gönguleiðirnar:

„Það er afskaplega vinsælt að ganga um brúnir Látrabjargs. Þetta er þægileg ganga og margt að sjá og bjargið er í senn ægiefagurt og ógnvænlegt. Einnig er vinsælt að fara frá Rauðasandi til Barðastrandar og um vikurnar.“

Sjóstangaveiðin vinsæl

Gunnþórunn segir að sjóstangaveiðiferðir séu líka afar vinsælar meðal íslenskra ferðamanna. „Við erum einnig með ferð sem við köllum „Fish and dine“ en þá er farið á sjóstöng og síðan er aflinn eldaður á veitingahúsi,“ segir Gunnþórunn.

Hún segir að þessar hópferðir séu langvinsælastar hjá Íslendingum en útlendingar séu meira fyrir einkaferðir á Látrabjarg, fuglaskoðunarferðir og ljósmynduferðir.

Frábær leið til að hrista hópinn saman

Westfjords Adventures sérhæfir sig einnig í hvata- og fyrirtækjaferðum og setur þá upp dagskrá þar sem fólk getur valið um afþreyingu, svo sem gönguferðir, hjólaferðir, jeppaferðir, bátaferðir, snjósleðaferð-

ir og fleira. „Við nýtum okkur einnig heitu laugarnar sem hér er að finna allt í kring. Þetta er frábær leið til að hrista saman hópa og gera eitthvað skemmtilegt í nýju umhverfi. Síðan toppum við daginn með ljúffengum mat og góðri gistingu. Við sérsníðum ferðir fyrir hvern og einn hóp svo upplifunin verði sem mest,“ segir Gunnþórunn.

Westfjords Adventures er einnig með hjólaleigu og bilaleigu, rekur upplýsingamiðstöð yfir sumartímamann og heldur úti áætlunarferðum milli Patreksfjarðar, Brjánslækjar og Ísafjarðar í tengslum við ferjuna Baldur sem siglir yfir Breiðafjörðinn.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni wa.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar og bóka ferðir í síma 456-5006. Enn fremur er heppilegt að senda fyrirspurnir á netfangið info@wa.is og er þeim svarað hratt og greiðlega.





CAFE DUNHAGI:

Gæðastund í húsi minninganna

Þetta var byggt árið 1931, upphaflega til að hýsa krakka sem komu til að keppa á sundmótum en sundlaugin hérna var um tíma sú eina á svæðinu. Þetta þótti vera geysilega mikil framkvæmd á sínum tíma. Stórstúkan tók síðan við hér og þetta var kallað Stúkuhúsið. Árið 1970 var því síðan breytt í samkomuhús, byggt var mikið svið fyrir hljómsveitir og lagt dansgólf. Sagt var að dansinn dunaði í Dunhaga," segir Dagný Alda Steinsdóttir, eigandi veitingastaðarins Cafe Dunhagi sem er í sögufrægu húsi á Sveinseyri, rétt utan við þorpið á Tálknafirði.

Dagný opnaði veitingastaðinn árið 2012 en hún hefur endurnýjað húsið mikið og er nú að endurbyggja salinn á efri hæðinni í upprunalegri mynd og útbúa þar aðstöðu fyrir fundi og veislur. Náttugi er opin frá kl. 14 til 22 alla daga vikunnar og þar er lögð sérstök áhersla á ferskt hráefni úr héraðinu:

„Við erum hérna með Tungusilunginn, afurð úr sjálfbærri silungsrækt. Lambakjötið er úr héraðinu og fólk kann vel að meta að lambið fær að rölta um mosann hérna allt í kring. Svo leggjum við mikið upp úr fjörugróðri, þurrkum og djúpsteikjum beltispara, tinum hundasúrur og rabarbaratertan hérna er vinsæl en hér eru rabarbaragarðar úti um allt,“ segir Dagný.

Að sógn Dagnýjar er Dunhagi mjög heppilegur áningarstaður þar sem hann liggur mitt á milli náttúruperlnanna Dynjanda í norðri og Látrabjargs í suðri. „Það er líka mjög skjólsælt hérna og stór og mikill skógur beint fyrir ofan. Þá er tjaldstaðið hérna líka framúrskarandi,“ segir Dagný.

Fyrir utan að fá dásamlegan mat

þá er líka fint að stoppa á Dunhaga fyrir bjór, kaffi og aðra léttu hressingu. Veitingasalirnir inni í húsinu taka um 50 manns og auk þess er nýr og finnrallur úti til að sitja á þegar vel viðrar.

„Fuglavarpið er beint fyrir framan okkur hérna á pallinum. Hér eru um 2.000 æðarkollur og kriurvarp og hettumávar. Þetta eru hátt í 40 fuglategundir og það er ekki síst fuglaáhugafólk sem sækir hingað,“ segir Dagný.

En fyrir suma er það húsið sjálft, Dunhagi, sem hefur mesta aðdráttaraflíð. „Þetta hús tekur ákaflega vel á móti manni. Gólfíð dúar undan fótunum og loftið angar af minningum. Hér urðu mörg hjónabönd til á dansleikjunum. Hingað koma margir til að rifja upp gamlar minningar og ég hef gert mér far um skrásetja söguna í myndum sem prýða veggina.“

Sjá nánar á Facebook-síðunni Cafe / Restaurant Dunhagi.





Ferðarþjónustufyrirtækið Borea Adventures er staðsett að Aðalstræti 17 á Ísafirði og býður upp á heillandi ferðir fyrir íslenska jafnt sem erlenda ferðamenn sem vilja komast í nána snertingu við ægifagra náttúru Vestfjarða.

„Það er afar vinsælt að ganga á Hornstrandir á sumrin. Við bjóðum upp á ferðir til Hornvíkur með litlum hópum, ekki fleiri en átta manna, því við leggjum áherslu á umhverfisvænar ferðir með sem minnstum ágangi á náttúruna og persónulegum samskiptum. Í boði eru ferðir með gistingu í bæði eina og tvær nætur. Í báðum ferðum göngum við á bjarg en í seinni ferðinni gögnum við einnig yfir í Hornbjargsvita. Boðið er upp á gistingu í kampinum okkar í Höfn þar sem er eldhústjald og tjöld til að sofa í með beddum og svefnpokum. Við sjáum um allan mat, bátsferðir og leiðsögn með vönum leiðsögumönnum,“ segir Nanný Arna Guðmundsdóttir hjá Borea Adventures.

„Svo eru aðrir sem vilja ganga á eigin vegum en þurfa á bátsferðum að halda. Við finnum út með þeim hvaða dagar eru heppilegastir og þau kaupa bara far með bátnum hjá okkur. Í slíkum ferðum hefur fólk hins vegar ekki aðgang að kampinum okkar og þarf að bera dótið sitt sjálf.“

Ekta kajaksiglingar

„Við bjóðum upp á kajakferðir á alvöru kajökum, frá tveggja tíma ferðum upp í vikuferðir. Dagsferðirnar eru frá Seyðisfirði (ath. í Ísafjarðardjúpi, ekki á Austfjörðum) og út í Vigur þar sem við rómum í kringum eyrna, og svo aftur inn í fjörðinn. Einnig er í boði sigling frá Seyðisfirði og yfir í næsta fjörð, Hestfjörð. Þessar ferðir eru átta tíma langar, heimagert nesti innifalið. Einnig rómum við frá Bolungarvík til Ísafjarðar, sem er fimm tíma ferð og frekar tæknileg,“ segir Nanný, en kajaksiglingarnar þykja afar heillandi og eru mjög vinsælar.

Glæsileg uppbygging á eyðibýlinu Kvíum

Kvíar er eyðibýli þar sem búið var til ársins 1948, það stóð síðan autt með lítilli viðkomu manna í gegnum áratugina, allt þar til Borea Adventures náði samningum við ættingja ábúendanna og tók húsið í fóstur árið 2012.

„Mér er óhætt að segja að uppbyggingin á Kvíum sé glæsileg. Við höldum þessu fremur hráu en þarna er rennandi vatn og hiti. Í samráði við arkitekt höfum við haldið litum í öllum rýmum upprunalegum og þarna varðveitum við sögu ábúendanna og lífshætti þeirra í máli og myndum,“ segir Nanný.

Þriggja daga kajakferðir með viðkomu að Kvíum eru vinsælar ásamt dags gönguferðum. Einnig er boðið upp á tveggja og þriggja daga ferðir í Kvíar með kajak og gönguafþreyingu. Á veturna er boðið upp á ljósmyndaferðir. Frá og með 1. apríl eru síðan í boði fjallaskiðaferðir sem eru mjög vinsælar hjá Íslendingum, þar sem gist er fimm nætur í Kvíum.

Borea Adventures er lítið fjölskyldufyrirtæki með starfsemi sem nær hámarki á sumrin en þá fer starfsmannafjöldi upp í um 20 manns. Á veturna eru starfsmenn þrír.

Nánari upplýsingar um ferðir hjá Borea Adventures eru veittar í síma 456-3322 og einnig er vert að skoða heimasíðuna boreaadventures.com.



STEINSHÚS

Gæðastund í húsi skáldsins



Nauteyri er innst í Ísafjarðardjúpi, á Langadalströnd. Þegar keyrt er að sunnan og búið að aka í gegnum Hólmavík og yfir Steingrímsfjarðarheiði, er komið að Steinshúsi skömmu eftir fyrstu beygju til hægri af Þjóðveginum. Í Steinshúsi getur að líta sýningu um skáldið Stein Steinar í máli og myndum og í sama húsnæði er rekið kaffihús og veitingasala þar sem opið er frá kl. 10 til 22 alla daga vikunnar fram til 27. ágúst.

Kaffið á þessum merkilega stað er mjög rómað og þykir einstakt: „Hér köllum við þetta kaffi náðarjurt. Þú þarft eiginlega bara að koma og bragða það, en þetta kaffi hefur fengið alveg svakalega hástemmdar umsagnir. Við blöndum saman tveimur baunategundum sem eru malaðar og útkoman er ótrúleg,” segir Sigurður Sigurðsson, veitingamaður í Steinshúsi. Auk þess er boðið upp á vöffur með rjóma og kökur, þar á meðal jarðarberja- og súkkulaðisjarmörinn „Steinnarr“. Enn fremur er íslenska kjötsúpan í Steinshúsi afar vinsæl hjá ferðahópum.

Þegar að er gáð eru margar góðar ástæður til að gera stans hjá Steinshúsi þegar ekið er um héraðið, fyrir utan afar merkilega sýningu og fádæma gott kaffi í sveitasælunni: „Fólk getur setið hér á veröndinni og fylgst með hvölunum í Djúpinu leika sér á meðan það drekkur kaffið, og svo stingur haförn sér niður eftir æti. Ferðalangar eru ekki sist hrifnir af þessu svæði, þeir halda örlítið lengra og fara inn í Kaldalón, þar sem Drangajökull skriður fram,” segir Sigurður.

Í Steinshúsi eru stundum haldnir tónleikar og skáld stíga gjarnan á svið og lesa upp eftirlætisljóð sín eftir Stein og eigin verk. Dagskráin er auglýst á Facebook-síðu staðarins, Steinshús.

Spennandi gistikostur

Sýningin um Stein Steinar og veitingasalan eru í sama húsi en við hliðina er íbúð til gistingar. Þar er gistiþáttur fyrir fjórar manneskjur, baðherbergi, eldhús og þvottahús. Einnig fylgir heitur pottur íbúðinni og þá má geta þess að stutt er í náttúrulegar. Þá er góð aðstaða



fyrir hjól- og fellihýsi og tjöld. Þetta er því fyrirtaksstaður til að eiga stutt frí í kyrrð og einstakri feegurð vestfirskrar náttúru.

Upplýsingar um gistingu og bókanir fást í síma 898-9300. Sjá nánar um Steinshús á vefsíðunni steinnsteinarr.is.



STRANDASKEL

Hágæða ræktuð bláskel úr Steingrímsfirði á Ströndum

Skelfiskræktun er umhverfisvæn atvinnugrein sem skilar af sér framúrskarandi og lostætri afurð. ST2 á Drangsnesi hefur síðustu rúmlega tíu árin stundað skelfiskræktun í Steingrímsfirði á Ströndum, samhliða annarri útgerð. Félagið er með tvö fiskiskip, dragnótarbát og minni bát og þessi skipakostur útgerðarinnar er samnýttur í skelfiskræktunina.

Halldór Logi Friðgeirsson hefur haft veg og vanda af skelfiskræktuninni en ST2 er í eigu foreldra hans. Síðar stofnuðu ST2, Fiskvinnslan Drangur og fleiri félög Strandaskel til að sjá um vinnslu og sölu á afurðum. Þessa dagana siglir Halldór á bátnum Sigureyju ST-22 og sækir skelina. „Við köllum þetta uppskeru fremur en veiðar en það er þriggja ára ferli að rækta skel,” segir Halldór. Skelin sem hann kemur með upp á land núna er því þriggja ára gömul.

„Við erum með skelfiskvinnslu hérna á staðnum og bjóðum upp á ferska bláskel en einnig forsoðna og frysta. Forsoðin og fryst afurð frá okkur er til sölu í verslunum Bónus en ferskur skelfiskur frá okkur er á flestum betri veitingahúsum í Reykjavík,” segir Halldór. Á markaðnum og veitingahúsumum er afurðin titluð Strandaskel frá Dóra á Drangsnesi. Veitingastaðir eru stoltir af að bjóða upp á þetta lostæti enda er Strandaskelin rómuð:

„Þetta er mjög góð skel með afskaplega mikla holdfyllingu, það hefur hvergi annars staðar mælst eins mikil holdfylling,” segir Halldór.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni drangur.is og á Facebook-síðunni Strandaskel. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið drangur@drangnes.is og símanúmer eru 451-3239, 898-3239 og 899-5568.





A.HANSEN:

Gæðastundir í einu elsta húsi Hafnarfjarðar

Silbene Dias er frá Brasilíu en hefur búið á Íslandi í 14 ár. Hún hefur starfað ötullega í veitingageiranum hér og var meðal annars yfirkokkur á 1919 Restaurant Radison Blue auk þess að reka um tíma veitingastaðinn Brasilíu við Skólavörðustíg. Enn fremur var Silbene yfirkokkur á Silica Hotel hjá Bláa lóninu. Fyrir nokkrum mánuðum tók Silbene við rekstri veitingastaðarins A. Hansen í Hafnarfirði. Þar er hún að gera áhugaverðar breytingar auk þess að halda í það góða sem staðurinn hefur boðið upp á.

„Þetta er yfir 100 ára gamalt hús og mikilvægt að viðhalda upprunalegu útliti þess. En við höfum endurnýjað salernin og breytt barnum á efri hæðinni. Við höfum breytt barnum á efri hæðinni og almennt gert umhverfið huggulegra,“ segir Silbene.

Framúrskarandi hlaðborð á aðeins 1.700 krónum

A. Hansen er til húsa að Vesturgötu 4 í Hafnarfirði, í hjarta þessa fallega miðbæjar, og húsið fellur afar vel inn í umhverfið. Staðurinn er opnaður kl. 12 virka daga með hádegishlaðborði sem stendur til 14. Hlaðborðið er ríkulegt og fjölbreytt: „Við erum alltaf með fimm kjötrétti og einn fiskrétt. Þjóðum meðal annars upp á lambakótelettur, hrossafillet og nautkjöt. Síðan eru það kartöflur, grænmeti og pastaréttir,“ segir Silbene, en þetta girnilega hlaðborð er á afar vingjarnlegu verði, aðeins 1.700 kr.

Steikarkvöld sem ekki gleymast

Staðnum er síðan lokað kl. 14 á daginn og hann opnaður aftur kl. 18 og er opið til 22. Hann er jafnframt opinn um helgar á þeim tíma. Mikil fjölbreytni einkennir kvöldverðarseðilinn en segja má að steik sé gegnumgangandi þema. Ein helsta sérstaða staðarins er hinn magnaði kjötréttur Spethús Churrasco sem inniheldur sex tegundir af kjöti: lambafillet, hrossafillet, rifjasteik, kjúkling, svínakjöt og fina pylsu. Kjötíð er grillað og kryddað með kryddi sem gefa því sérstaklega gott bragð.

Nautasteik, grillaður kjúklingur, hrossasteik, steiktur þorskur og svínaríf eru einnig vinsælir réttir á kvöldseðlinum. Verðið er hagstætt á þessum krásam eins og nánar má sjá á matseðlinum á vefsíðunni ahansen.is.

Léttari réttir eru líka mjög áhugaverðir, til dæmis heimagerður Hansen-borgari, humarsamloka, grillað nautsamloka og margt fleira.

Að sögn Silbene er gestahópurinn á A. Hansen fjölbreyttur en erlendir ferðamenn sækja staðinn í bland við Íslendinga. Silbene telur þó að heimafolk í Hafnarfirði sé í meirihluta.

Sjá nánar á vefsíðunni ahansen.is og Facebook-síðunni A.Hansen.



Snæbjörn Ragnarsson

er meðlimur í tveimur af vinsælustu hljómsveitum landsins, Skálmöld og Ljótu hálfvitunum. Að auki er hann tveggja barna faðir sem vinnur á auglýsingastofu frá klukkan 9 til 17 á milli þess sem hann sinnir rokkstjörnuhlutverkinu í hjáverkum. Snæbjörn, sem er aldrei kallaður annað en Bibbi, settist niður með Kristni H. Guðnasyni, blaðamanni DV, og ræddi æskuna, drauminn um Ólympíuleikana, hljómsveitalífið og sjálfsvígið sem hafði gríðarleg áhrif á líf hans.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Bibbi er uppalinn á Laugum í Reykjadal þar sem foreldrar hans störfuðu báðir sem kennarar. „Það halda margir að ég og allt mitt fólk sé frá þessum slóðum en það er ekki rétt. Mamma er frá Reykjavík og pabbi er ofan af Skaga. Ég er bara fæddur á Landspítalanum,“ segir hann.

Foreldrum hans bauðst að taka við kennarastörfum á Laugum á Reykjadal þegar Bibbi var eins árs gamall og þangað flutti fjölskyldan. „Það var stórkostlegt að alast upp á þessum slóðum og upplifa algjört frelsi. Ég er nýkomin úr ferðalagi þar sem ég var að sýna glænýju börnunum mínum æskuslóðirnar. Ég var búinn að gleyma hvað þetta er geggjáð umhverfi,“ segir Bibbi.

Að hans sögn var hann fyrirmyndar barn í alla staði. „Það er eitthvað sem ég hef alltaf fengið að heyra frá foreldrum mínum og öðrum. Að ég hafi verið ljúfur, hlýðinn og aldrei verið með neitt vesen. Ég held samt að það sé bara einhver fölnuð minning því Baldur bróðir [sem er sex árum yngri og gítarleikari Skálmaldar, innsk. blm.] var svo sturlaður,“ segir Bibbi og hlær. Hann segist hafa fengið frábært uppeldi sem þó var frekar strangt. „Það var talsvert um boð og bönn en það var aldrei nein ósanngirni falin í því. Ég er þakklátur fyrir hvernig ég var alinn upp.“

Besti vinurinn var verstí óvinurinn

Hann segist hafa átt afar auðvelt með nám og naut sín vel á Laugum. Það breyttist þó þegar hann flutti til Húsavíkur að loknum barnaskóla. „Þar rakst ég í raun á vegg félagslega. Ég hafði alltaf verið mjög sterkur á því sviði og leitaði því strax til þeirra sem drottnuðu efst á félagslega pýramídanum. Sá hópur lagðist eiginlega á mig og hélt mér í raun markvisst niðri. Það var daglegt bögg og stríðni, til dæmis ef það var haldið partí þá fékk ég vitlaust heimilisfang til að byrja með. Allt í einu var ég orðinn trúðurinn og upplifði reglulega mikla niðurlægingu,“ segir Bibbi. Hann segist hafa reynt að bera sig vel á þessum árum en þessi upplifun hafi tekið sinn toll. „Ég kveid fyrir því að

„Ég var viss um að enginn mundi nemna að hlusta á þungarokk“

■ Sjálfsvíg kærustunnar hafði gríðarleg áhrif
■ Stefndi á Ólympíuleikana í frjálsum íþróttum

fara í skólann á þessum árum og þetta hafði mikil áhrif á mig. Ég var eiginlega langt fram á unglingsár að jafna mig á þessu,“ segir Bibbi.

Svo einkennilega vill til að einstaklingar sem eru nánir vinir hans í dag og jafnvel í sömu hljómsveit gengu harðast fram í þessari hegðun. „Besti vinur minn var í raun verstí óvinur minn á þessum árum. Við erum samt löngu búnir að ræða þennan tíma opinskátt og hreinsa allt út,“ segir Bibbi og brosir.

Ætlaði á Ólympíuleikana

Auk þess að eiga létt með að læra var Bibbi á kafi í frjálsum íþróttum á sínum yngri árum og var afreksmaður á því sviði. „Ég lagði mikið á mig og ætlaði mér að gera það vel. Ég var aðallega í spretthlaupum og langstökki og þótti góður. Ég var í unglingslandslíðinu og meðal annars í hópi sem átti að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana í Sydney árið 2020,“ segir Bibbi.

Hann valdi þó að feta aðrar

brautir en hlaupabrautina. Á nokkrum árum fjaraði undan náminu og íþróttunum. „Þetta gerðist í raun á svipuðum tíma, þegar ég er um átján ára gamall. Ég hafði glímt við ítrekuð meiðsli og í eitt skipti þegar ég átti að hvíla í enn eitt skiptið í þrjá mánuði þá ákvað ég að hætta þessu. Hné á mér þöndu í rauninni ekki þetta álag og ég gat því ekki réttlætt að halda þessu áfram. Það var í raun mikill léttir og ég hef aldrei séð eftir því að leggja hlaupaskóna á

hilluna,“ segir Bibbi.

Hætti öllu og fór að reykja og drekka

Eftir aðeins 18 mánaða dvöl í framhaldsskóla ákvað hann síðan að hætta í námi. „Ég var einhvern veginn búinn að fá þá flugu í höfuðið að ég gæti ekki lært. Þetta hafði alltaf verið svo auðvelt en skyndilega rakst ég á vegg og þurfti að taka upp bækurnar og byrja að leggja hart að mér. Ég var ekki tilbúinn til þess og ákvað því að

var náttúrlega tónlistarkennari og í æsku minni var ég alltaf umkringdur hljóðfærum og að sjálfsgöðu gat pabbi spilað á þau öll. Ég fékk að fíkta og leika mér með hljóðfærin eins og ég vildi en tónlistinni var aldrei haldið að mér sem einhverri kvöð. Ég lærði á píanó og á blokkflautu, en það var alltaf á mínum forsendum og skemmtilegt eftir því," segir Bibbi.

Heimsfrægir á Húsavík og Hellu

Tónlistin hafði því alltaf verið nærri hjarta hans, en um tíma var það svo eðlilegur hluti af hversdagslífinu að hann spáði ekki einu sinni í að leggja hana fyrir sig. „Það var aldrei pressa um það frá foreldrunum. Skilaboðin voru mun frekar þau að ég ætti í guðanna bænum ekki að vera tónlistarsnillingur. Þetta var bara eðlilegur hluti af lífinu að fíkta við hljóðfæri. Það var ekki fyrr en á unglingsárunum sem ég fór að átta mig á því að það kunnu ekki endilega allir á gítar," segir Bibbi og hlær.

Hann telur að þetta frelsi hafi mögulega gert að verkum að hann fetaði síðar slóð tónlistarsköpunar með rokkhljómsveitum frekar en að læra og mennta sig í listgreininni. „Ég og Baldur bróðir fetuðum þessa óskynsamlegu braut, en Helga systir mín fór þveröfuga leið. Hún er sprenglærð í tónsmíðum og er að gera ofboðslega flotta hluti á þeim vettvangi," segir Bibbi.

Á táningsaldri var fyrsta hljómsveitin stofnuð og fékk hún nafnið Honzby. „Við hlustuðum mikið á Metallica og Iron Maiden en það var ekki séns að við gætum spilað slíka tónlist þannig að við spiluum svokallað vankunnáttupönk," segir Bibbi. Næst var það „death-metal“-hljómsveitin Torture og síðan hljómsveitin Innvortis. „Við kepptum í Músíktilraunum 1997 og gáfum út plötu ári síðar. Sú plata gerði okkur heimsfræga á Húsavík og síðar heyrði ég að við hefðum líka orðið heimsfrægir á Hellu. Það hefur sennilega einhver töffari í einhverjum bekk sagt að Innvortis væri geggjáð band og þar með var það gengið í gegn," segir Bibbi og hlær.

Kærastan svipti sig lífi

Um svipað leyti gekk hann í gegnum hrikalega reynslu sem setti svip sinn á líf hans lengi á eftir. Kærasta hans, Anna María, svipti sig lífi á gamlárskvöld 1999. „Við byrjuðum saman árið 1997. Hún átti dóttur fyrir, fósturdóttur mína, sem var árgömul þegar við kynntumst. Það var búið að vera smá drama í gangi og við hættum saman á annan í jólum. Anna María sviptir sig síðan lífi nokkrum dögum síðar," segir Bibbi.

Eðlilega var um gríðarlegt áfall að ræða sem hann var lengi að vinna úr. „Þetta var hræðilegur tími. Ég hef alltaf átt ofboðslega gott fólk í kringum mig sem hélt utan um mig á þessum tíma, en foreldrar, fjölskylda og vinir Önnu Maríu reyndust mér líka ofboðslega vel. Það vottaði aldrei á neinni ásökun í minn garð heldur var tekið á þessu af yfirvegum og skynsemi," segir Bibbi.

Hann segist hafa frestað því lengi að takast á við vandamálin sem fylgdu í kjölfarið. „Mér var otað í átt að sálfræðingum og geðlæknum en þeir sem ég hitti náðu ekki til mín. Ég nennti ekki að standa í þessu og er svo góður í kjaftinum að ég bullaði mig út úr þessu. Mér fannst mér ekki líða illa og ég var viss um að ég væri ekki þunglyndur. Þegar ég horfi til baka þá var það kannski ekki alveg svo einfalt. Ég átti það til að loka

mig af og mæta ekki í vinnuna. Lá bara heima og spilaði Playstation eins og það væri töff. Ég drakk mikið á þessum tíma en aldrei þó illa. Ég gerði aldrei neitt af mér og fékk eiginlega aldrei mórál eða kvíða eftir fyrrerí. Þetta er samt kannski það alkóhólískasta sem hægt er að segja," segir Bibbi kíminn.

Hitti frábæran sálfræðing

Hann hafi loks farið í tíma til Trausta Valssonar sálfræðings. „Ég sagði honum alla sólaröguna og það fyrsta sem hann sagði við mig var að þetta væri allt mér að kenna. Ég horfði bara undrandi á hann og hugsaði: „Hvaða snillingur er þetta?“. Ég gekk til hans í mörg ár, miklu lengur en ég í raun þurfti. Hann opnaði augu mín fyrir því hvernig góðir sálfræðingar og geðlæknar geta bjargað mannlífum. Hann hjálpaði mér líka mikið við að finna mína fjól í lífinu. Ég fæ svona 300 hugmyndir á dag en svo talar maður margar þeirra niður og framkvæmir ekkert. Það gildi til dæmis um þann draum að stofna þungarokkhljómsveit. Ég var viss um að enginn mundi enginn nenna að hlusta á þungarokk. Trausti sagði mér að vera ekki með neinn aumingjaskap heldur gera eitthvað í málunum. Það var það sem ég gerði," segir Bibbi.

Fyrst var þó komið að Ljótu hálfvitunum sem spruttu upp úr jarðvegi áhugamannaleikhúsa. „Eftir aldamótin fór ég í nám í rafeindavirkjun og átti bara eina önn eftir þegar ég ákvað að hætta. Ég var þá kominn inn í áhugamannaleikfélagið Hugleik og þar kynntist ég Agga, Togga og Sævari sem voru að skrifa leikrit á fullu, meðal annars fyrir Þjóðleikhúsið. Við fengum síðan boð um að skrifa efni fyrir Stundina okkar."

Bibbi hafði mesta ánægju af því að skrifa texta og semja tónlist fyrir verkin. Hann prófaði að stíga á svið en það var bara í eitt skipti. „Mér fannst það hundleiðinlegt og ákvað því að gera það ekki aftur," segir hann.

Ljótu hálfvitarnir slá í gegn

Að hans sögn var mikið félagslíf í kringum áhugamannaleikhúsið sem hann heillaðist algjörlega af. „Það var mikið um partí og í þeim var spilað og sungið, oftast en ekki eitthvað sem einhver í hópnum hafði samið. Þetta voru eflaust skrítnar samkomur fyrir þá sem ekki þekktu til hópsins. Toggi, Ármann og Sævar höfðu stofnað Ljótu hálfvitana mörgum árum fyrr en það varð ekkert mikið meira úr því þá. Síðan fékk Ármann í raun þessa hugmynd að búa til hljómsveit til þess að halda utan um og spila öll þessi lög sem meðlimirnir voru búnir að semja í kringum leikhúsið og einnig þau sem voru niðri í skúffum. Hugmyndin var að útsetja þau á myndin hátt og sjá hvað gerðist. Það er síðan kýlt á það undir nafni Ljótu hálfvitanna," segir Bibbi.

Bandinu var strax tekið opnum örmum. „Við unnum fljótlega Sjómannalagakeppni og þá þurftum við allt í einu að gefa út plötu í hvelli. Það var ekki mikið mál enda var nóg efni til. Hlutirnir gerðust hratt og við spiluum síðan eins og óðir menn um tíma."

„Ljótu hálfvitarnir eru skólabókardæmi um hvernig á að reka alheiminn“

Meðlimir Ljótu hálfvitanna voru níu talsins í upphafi og enn hefur enginn ákveðið að segja það gott og kveðja hljómsveitina. „Þetta er ofboðslega skemmtilegur

félagsskapur. Það er alveg stórkostlegt þegar við hittumst allir og spilum. Þetta er margbrotinn hópur, húrrandi fyllibytur, óvirkir alkar og prestur. Við reynum að skemmta okkur vel og taka hlutina mátulega alvarlega. Ljótu hálfvitarnir eru skólabókardæmi um hvernig á að reka alheiminn," segir Bibbi.

Þrátt fyrir að vera með mörg járn í eldinum ákvað Bibbi síðan að búa til eina risastóra járnstöng í viðbót og fleygja henni í troðið eldstæðið. „Þá voru Ljótu hálfvitarnir búnir að spila gríðarlega mikið og aldrei þessu vant vorum við alveg að fara að drepa hver annan. Við tókum því pásu og þá fór ég að hugsa um gamlan draum um að stofna alvöru þungarokkhljómsveit," segir Bibbi.

Þegar hann hafi farið að hugsa hverjir gætu verið í slíkri hljómsveit með sér þá áttaði sig á því að hann þekkti alla þá sem gætu skipað slíkt band. „Ég settist því niður og sendi tölvupóst á strákana þar sem ég útlistaði hugmyndina. Í þessum fyrsta pósti er lagalistinn fyrir fyrstu plötuna. Það tóku allir vel í hugmyndina og fljótlega hittumst við og byrjuðum að kasta á milli okkar hugmyndum," segir Bibbi. Skálmöld var fædd.

Böbbi tók yfirdrátt og Bibbi veðsetti íbúðina

„Þetta sprakk út á ótrúlega skömmum tíma. Við bjuggum til tvö demó og röltum með þau á milli útvarpsstöðva. Við vorum ekki bjartsýnir á að fá spilun en það gekk þó eftir

Þetta var hræðilegur tími. Ég hef alltaf átt ofboðslega gott fólk í kringum mig sem hélt utan um mig á þessum tíma, en foreldrar, fjölskylda og vinir Önnu Maríu reyndust mér líka ofboðslega vel. Það vottaði aldrei á neinni ásökun í minn garð heldur var tekið á þessu af yfirvegum og skynsemi.

og skömmu síðar hljómuðu lögin okkar úti um allt. Það kom okkur í raun mjög á óvart, sumir meðlimir voru orðnir fjölskylduféður og við vissum eiginlega ekki í hvorn fótinn ætti að stíga, hvort að við ættum að hamra járníð þegar það væri heitt eða ekki," segir Bibbi.

Þeir hafi síðan ákveðið að taka upp fyrstu plötu hljómsveitarinnar, Baldur. „Við vildum gera það almennilega. Böbbi tók yfirdrátt upp á nokkrar milljónir og ég veðsetti íbúðina," segir Bibbi. Þegar afurðin var að mestu leyti tilbúin þá athuguðu þeir með útgáfu hér á landi. „Sena hafnaði okkur og þá ▶



hætta og fara bara að reykja og drekka í staðinn. Ég held að það hafi verið einhvers konar uppreisn fólgin í þessu líka. Ég hafði alltaf verið til fyrirmyndar og hlýtt öllum reglum, en ég fann einhverja þörf til að brjótast út úr því boxi," segir Bibbi.


Hann flutti suður, fékk vinnu í Bónus og milli þess sem hann reykti og drakk þá sinni hann ástríðu sinni, tónlistinni.


„Ég er alinn upp við hljóðfæraleik og tónlist. Pabbi

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

**ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI**

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR





MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

**Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500**



ákváðum við að leita til færeysku útgáfunnar Tutl. Kristian, eigandi útgáfunnar, er mikill hugsjónamaður og gefur eiginlega allt efni út sem lagt er fyrir hann. Tutl gaf plötuna út og gamall samstarfsmaður Kristians vannur hjá hinu þekktu austurríska útgáfufyrirtæki Napalm Records. Við fengum síðan samning hjá því og í kjölfarið tóku við umfangsmikil ferðalög um alla Evrópu," segir Bibbi.

Allir fá sitt rými á tónleikaferðalögum

Hlutirnir höfðu gerst hratt og það reyndi og reynir enn á að fara í langa tónleikatúra. „Þetta hentar mönnum misvel. Í seinni tíð erum við orðnir mjög góðir í að gefa öllum það rými sem þeir vilja. Sumir vilja vera fullir flest kvöld á meðan aðrir vilja bara fara í koju og þá er það bara ekkert mál. Svo breytast aðstæður, ég átti ekki börn þegar þetta ævintýri byrjaði en núna er ég tveggja barna faðir og þá reyna þessi ferðalög enn meira á. Túrnarnir geta verið mjög langir og ótrúlega ljúandi en þetta er bara svo ofboðslega gaman að það er þess virði. Við lækkum yfirlétt í launum við að taka okk-

”Ég var einhvern veginn búinn að fá þá flugu í höfuðið að ég gæti ekki lært. Þetta hafði alltaf verið svo auðvelt, en skyndilega rakst ég á vegg og þurfti að taka upp bækurnar og byrja að leggja hart að mér. Ég var ekki tilbúinn til þess og ákvað því að hætta og fara bara að reykja og drekka í staðinn.

ur frí frá störfum okkar og túra en fólkið sem maður hittir og upplifunin við að spila á mismunandi stöðum gerir þetta þess virði. Það er engu líkt að standa á sviði með Skálmöld. Mér líður alltaf eins og ég sé með herfylkingu á bak við mig," segir Bibbi.



Fram undan er fimmta plata sveitarinnar sem kemur út í haust auk þess sem miðar á tónleika Skálmaldar og Sinfóníu-hljómsveitar Íslands í ágúst hafa selst eins og heitar lummur. Það er því engin þreyta komin í mannskapinn né hugmyndir um draga saman seglin. „Það hefur aldrei verið rætt um að hætta, en við höfum þurft að setjast niður og ákveða hvað við viljum spila

mikið. Við erum ekki enn orðnir það þekktir að við getum lifað á þessu. Við komum venjulega blankari heim úr túrum en þegar við lögðum af stað. En launin hækka alltaf með hverjum túr og tónleikastaðirnir verða sífellt stærri og flottari. Það er líka mikill tónlistarlegur metnaður í hljómsveitinni og við erum sannfærðir um að við séum með frábæra plötu í höndunum," segir Bibbi.

Var að drepast á harkinu

Í mörg ár freistaði Bibbi þess að lifa á tónlist en fyrir sex árum ákvað hann að sækja um fasta vinnu hjá auglýsingastofunni Pipar/TBWA. „Ég var búinn að ákveða að ég væri svo mikill listamaður að það ætti ekki við mig að vinna fasta vinnu. Þvílíkt og annað eins kjaftæði. Ég var að drepast á þessu harki. Ég var alltaf blankur og þurfti að taka að mér öll möguleg verkefni til þess að ná endum saman. Ég veit ekki hvað varð til þess að ég opnadaí augun og sótti um fasta vinnu hjá Pipar, sem ég síðan fékk. Ég mætti svo bara beint á fund með Valla Sport og Sigga Hlö að skipuleggja eitthvað og hugsaði um stund hvað í ósköpunum ég væri búin að koma mér út í," segir Bibbi og hlær.

Þær þælingar voru þó óþarf- ar því fljótlega kom í ljós að þetta var mikið gæfuspor. „Þetta er besta vinna í heimi og með besta fólki í heimi. Þar sem ég starfa á Íslandi þá fæ ég að snerta á eiginlega öllu en aðallega starfa ég þó við hugmynda- og textasmíðar. Það hentar mér afar vel," segir Bibbi.

Hundleiðinlegt að skrifa skáldsögu

Fyrir nokkrum árum gaf Bibbi út

skáldsöguna Geril auk þess sem hann hefur vakið mikla athygli fyrir hispurslausa pistla sína sem birst hafa á Stundinni. „Ég fékk þá flugu í höfðuð að skrifa skáldsögu og gerði það en komst að því í miðju ferli að mér finnst það hundleiðinlegt. Ég hef hins vegar gaman af því að stuða aðeins fólk með pistlum mínum," segir Bibbi. Meðal annars hefur hann skrifað pistla með umdeildum fyrirsögnum á borð við „Barnið mitt er bjáni“ og „Konan mín er leiðinleg“.

„Ég hef bara gaman af að stuða fólk ef það er einhver tilgangur með því. Ég hef gaman af því að rífa kjaft og síðan er ég líka bara ofboðslega athyglissjúkur. Ég hef líka mjög gaman af því að reyna að vera fyndinn," segir Bibbi og hlær.

Gekkt of langt gegn Mörту Smörту

Hann segist þó stundum hafa gengið of langt og nefnir sem dæmi reiðipistil sem hann skrifaði um Mörту Maríu Jónsdóttur, betur þekkt sem Marta á Smartlandi. „Hún skrifaði eitthvað á Smartland og ég reiddist og hakkaði hana í mig í pistli. Þarna réðst ég á hana persónulega í stað þess að vera málefna- legur og ég dauðsé eftir þessu. Ég hegðaði mér eins og fiðl. Valli Sport kallaði mig á fund og las pistilinn fyrir mig og ég sökk niður í sætið. Ég reyndi að malda í móinn en áttaði mig undir niðri á því að ég hafði hegðað mér eins og fiðl. Ég eyddi því pistlinum, hringdi í Mörту Maríu og bað hana afsökunar. Hún tók því afskaplega vel enda er hún ótrúlega vinaleg og fin þó að við deilum kannski ekki sömu lífsviðhorfum. Þetta var mjög lærdómsríkt," segir Bibbi. ■



Saumastofa
ÍSLANDS

Við erum flutt á Malarhöfða 2
110 Reykjavík, 2. hæð

Fataviðgerðir & fatabreytingar

VERJUM VERÐIÐ!



DAUÐAFÆRI Á RISASKJÁM GERIST EKKI BETRA

UNITED

United LED65X18 / LED75X18

X18 sjónvarpið frá United er flott tæki fyrir þá sem vilja stóran skjá á viðráðanlegu verði. X18 er nýjasta kynslóð sjónvarps-tækja með 4K UHD 3840x2160 punkta upplausn og 3D Comb Filter ásamt 16W Virtual Surround hljóðkerfi. Með alla helstu tengimöguleika svo auðvelt er að tengja við heimabíó, leikjatölvur og fleira. Tryggðu þér eintak strax í dag.

United sjónvörp hafa verið seld í tugþúsundavís á Íslandi í yfir 20 ár. Aðalsmerki United er hagkvæm, einföld og endingargóð tæki á góðu verði.

United LED65X18

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 99.995

United LED75X18

TILBOÐ

169.995

FULLT VERÐ 199.995



Heimplistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Hagstæðustu gleðistu

■ Ódýrasti bjórinn á Uppsölum - Bar & Café ■ Hægt að drekka bjór á afslætti til k


Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Það er varla til sú krá eða veitingastaður á höfuðborgarsvæðinu sem býður ekki upp á „happy hour“, gleðistundir þar sem ýmsir drykkir, þó oftast bjór, eru á verulegum afslætti. Í landi þar sem erlendir ferðamenn kveinka sér iðulega út af háu verði þá eru gleðistundirnar orðnar ansi mikilvægur þáttur í að lokka viðskiptavinum inn á staðina. Það er líka staðreynd að veigar á hagstæðu verði bragðast betur.

Það er ljóst að Samkeppniseftirlitið þarf ekki að skoða hvort samráð sé í gangi á markaðnum fyrir gleðistundirnar því þær eru mjög mismunandi. Ódýrasti bjórinn er á 450 krónur en sá dýrasti er á „tilboði“ á 1.000 krónur. Þá byrja sumar gleðistundir klukkan 15.00 en rýmsti opnunartíminn er frá klukkan 16.00 til klukkan eitt eftir miðnætti.

Hér má sjá hagstæðustu gleðistundirnar. Þeim er raðað eftir verði á drykk guðanna, bjór.



dag hvern nema á miðvikudögum en þá gildir tilboðið til kukkan 21.

1 Uppsali - Bar & Café. Aðalstræti 12. Tveir fyrir einn á öllum bjór, kokteilum og léttvíni. Ódýrasti bjórinn kostar 450 krónur á krana. Opnunartíminn er þó ekki mjög rúmur, eða frá klukkan 17-19.

2 Íða Zimsen. Vesturgata 2a. Aðeins tilboð á Egils Gull sem kostar 495 krónur. Gleðistundin hefst klukkan 19.00 dag hvern og stendur til 22.00.

3 B5. Bankastræti 5. Skemmtistaðurinn vinsæli í Bankastrætinu er afar rausnarlegur varðandi tímann sem gleðistundin varir á hverjum degi. Tilboðið

tekur gildir klukkan 18.00 og því lýkur klukkan 23.00. Boðið er upp á tvo drykki á verði eins og þar er Tuborg á dælu hagstæðastur, eða 500 krónur glasið. Gleðin hefst klukkan 18.00 dag hvern, og varir til klukkan 23.00.

4 Slippbarinn. Mýrargata 2. Í boði eru tvær tegundir, Víking Classic og Egils Gull á 500 krónur en að auki kostar glasið af húsvíni, rautt og hvítt, 750 krónur. Þá er einnig tilboð af völdum kokteilum. Slippbarinn hefur gleðina snemma eða klukkan 15.00 dag hvern en henni lýkur klukkan 18.00.

5 Skuggi Bar. Hverfisgata 103. Þessi nýlegi bar á samnefndu hóteli býður upp á gleðistundir dag hvern frá klukkan 17-19. Allt áfengi á krana er á 2 fyrir 1-tilboði sem og rauðvín og hvítvín hússins. Ódýrasti bjórinn kostar því 500 krónur glasið.

6 Kaffibrennslan. Laugavegur 21. Þetta notalega kaffihús býður upp á prýðilegar gleðistundir. Bjórinn kostar 550 krónur og rauðvín og hvítvín hússins er á 750 krónur. Á hverjum degi milli klukkan 16-20.

7 Geiri Smart. Hverfisgata 30. Ícelandair-hótelin láta ekki sitt eftir liggja í baráttunni um þyrsta

ferðalanga. Gleðistundirnar eru frá klukkan 16-18 dag hvern og kostar bjórinn 550 krónur. Þá er 50% afsláttur af húsvíni og valdir kokteilar á tilboði.

8 Hótel Natura. Nauthólsvegur 52. Sama fyrirkomulag og hjá Geira Smart en ekki var minnst á kokteilana þegar DV hringdi til að fá upplýsingar. Þar af leiðandi er Geiri sæti ofar.

9 Ölsmiðjan. Lækjargata 10. Hér kostar bjórinn 590 krónur sem er fínt verð. Hins vegar er tilboðstíminn til mikillar fyrirmyndar eða frá klukkan 16-01 dag hvern.

10 Kofinn. Laugavegur 2. Tveir fyrir einn af bjór sem þýðir að ódýrasti slíki bjórinn á krana, Víking Lager, kostar 595 krónur. Gleðistundirnar vara frá klukkan 16-19

Ódýra bjórröltið:

Túrin hefst á slaginu klukkan 15.00 á Slippbarnum við Mýrargötu. Þar er setið að sumbli til klukkan 17 og kostar glasið 500 krónur. Þá er förin heitið á Uppsali við Aðalstræti enda ódýrasti bjórinn í bænum, 450 krónur, þar í boði frá 17-19 dag hvern. Um leið og bjallan glymur er kjagad örstuttan spöl yfir á Vesturgötu þar sem bjórinn kostar aðeins 495 krónur. Um leið og þeirri gleði lýkur er gengið upp Bankastrætið þar sem bjórinn kostar 500 krónur á B5 til klukkan 23.00 hvert kvöld. Síðan er best að rúlla sér niður á Lækjargötu þar sem bjórinn kostar aðeins 590 krónur á Ölsmiðjunni til klukkan eitt að nóttu. ■

ALLT FYRIR FUNDARHERBERGIÐ

Þráðlaust sýningartjald

Þráðlaus búnaður

Hágæða öruggur fjarfundabúnaður

DALVEGI 16B / S. 510 0500



5. Skuggi Bar við Hverfisgötu lætur til sín taka á gleðistundamarkaðnum.



10. Kofinn við Laugaveg býður ölglasið á rétt undir 600 krónum.

Undirnar í miðborginni

L. 01 á Ölsmiðjunni



1. Ódýrasti bjórinn í bænum er á Uppsölum, 450 krónur glasið, alla daga frá kl. 17–19.



2. Ida Zimsen er í öðru sæti yfir bestu gleðistundirnar í borginni.



4. Slippbarinn hefur boðið upp á hagstæðar gleðistundir í mörg ár.



8. Hótel Natura. Finar gleðistundir í boði hjá Icelandair.



7. 50% af bjór og húsvíni hjá Geira Smart.

ERT ÞÚ AÐ SMÍÐA PALL ?



Pallinn upp á einfaldari hátt með jarðvegsskrúfum





SAKAMÁL



6 mánuðir voru lídnir af meðgöngu bandarísku konunnar Nadiyah Venable þegar hún lét til skarar skríða gegn keppinaut sínum um ástir kærasta síns. Keppinauturinn var Sha-Ron Moens, barnsmóðir kærastans. Hann hafði ákveðið að taka saman við Sha-Ron aftur. Þann 15. maí, 2010, hittust þær, Nadiyah og

Sha-Ron, og lauk samskiptum þeirra með því að sú fyrrnefnda skvetti bleikiefni í augu þeirrar síðarnefndu og stakk hana síðan 30 sinnum með hnið. Þetta gerði Nadiyah fyrir framan þriggja og sex ára syni Sha-Ron. Nadiyah fékk 55 ára fangelsisdóm fyrir vikið.

DAUÐIÐ

■ Fortíð Pieru varð henni dýrkeypt ■ Dóttir hennar greiddi gjaldið

Míðvikudagurinn 1. september, 2004, var örlagaríkur dagur fyrir Pipitone-fjölskylduna í sikileyska þorpinu Mazara del Vallo, einkum og sérílagi Denise, dóttur Pipitone-hjónanna.

Daginn þennan hvarf Denise, sem flesta daga hafði sett svip sinn á nágrenni heimilis síns, af yfirborði jarðar.

Foreldrar Denise, Piera og Toni, voru eðlilega slegin þegar dóttir þeirra skilaði sér ekki heim. Þau spurðu nággranna og vini og leit-uðu í nærliggjandi götum en án árangurs og að lokum höfðu þau samband við lögregluna.

Árangurslaus leit og vonleysi

Engum kom til hugar að hvarf Denise mætti rekja til illvirkis; slíkt átti sér einfaldlega stað, hugs-

uðu allir, í því nána samfélagi sem fólk bjó í, þar sem fjölskyldu-vina-bönd voru svo sterk að þau voru nánast óslítanleg.

Hvað sem þeim vangaveltum leið bar leit lögreglu engan árangur og þegar rökkva tók var fólk sammála um það eitt að Denise væri horfin og án nokkurs vafa í mikilli hættu.

En þessi dagur var aðeins sá fyrsti og dagarnir urðu að vikum, vikurnar að mánuðum og jafnvel þeir hjartástandu gáfu upp alla von um að hnátan kæmi í leitirnar.

Biðlað til mannræningja

Eðli málsins samkvæmt velti fólk vöngum um hvarf Denise og fór ekki hjá því að Cosa Nostra, mafían á Sikiley, væri nefnd til sögunnar enda kastaði hún skugga sínum víða í sikileysku samfélagi.

„Settu hana í kjallarann,“ sagði hún við frænku sína: „Nú launum við lambið gráa, tíkinni sem fæddi hana í heiminn.“

Huggunarorðum rigndi yfir Pipitone-hjónin og þau komu fram í sjónvarpi, tárvot og biðluðu til þeirra, eða þess, sem bar ábyrgð á hvarfi dóttur þeirra að skila henni, fara ekki illa með hana eða í það minnsta fá henni í hendur leikfang sem hún gæti huggað sig við.



Fékk samviskubít Giuseppe Dassaro gat ekki lifað með vitneskju sinni og verknáði.

RÁIN
FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK



Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

Prísund í kjallara

Lögreglan fékk fjölda ábendinga um að Denise hefði sést hér og þar, nánast alls staðar á Ítalíu, og fylgdi hverri vísbendingu eftir. Eftir hálf tveggja ára var lögreglan orðin vonlítill um að Denise myndist á lífi, enda hafði reynslan sýnt að líkur á slíku væru hverfandi eftir tvo sólarhringa frá hvarfi.

Það sem enginn vissi þá var að Denise var á lífi og yrði það enn um sinn. Það sem meira var, var að Denise var í aðeins um hundrað metra fjarlægð frá heimili sínu við götuna Via La Bruna, í glæsilegri villu. Ekki er þó öll sagan sögð því Denise var haldið fanginni í kjallara villunna.

Í lyfjamóki

Segir sagan að fjölskyldan í villunni hafi safnast saman við skjáinn í hvert skipti sem foreldrar Denise birtust þar til að biðja dóttur sinni griða. Hver veit nema sú fjölskylda hafi þá leitt hugann að litlu stúlkunni sem dó, hægt og rólega, í kjallaranum.

Síðar kom í ljós að hár Denise hafði verið litað þannig að erfiðara yrði að þekkja hana ef svo ólíklega vildi til að hún slyppi. Henni var haldið sljórri og rænlútill með því að setja lyf í fæðu hennar. Denise litla var að mestu leyti sofandi í prísund sinni og þær stundir sem hún var vakandi sá hún ekki lifandi sálu.



22. maí, 2009, fékk Nordmaðurinn Varg Vikernes, einnig nefndur Greifinn, reynslulausn. Hann var dæmdur til 21 árs fangelsisvistar árið 1994 eftir að hafa verið sakfelldur fyrir að hafa myrt Øystein Aarseth í ágúst árið 1993. Øystein og Varg höfðu spilað í sömu hljómsveit.

Mayhem, sem spilaði svartmálmstónlist. Varg, var þekktur fyrir hægrifgaskoðanir sínar, hafði árið 1992 sagt eld að nokkrum kirkjum í Noregi, þar á meðal stafkirkjunni í Fantoft, en það er önnur saga. Enn er allt á huldu um ástæður morðsins, en leiddar hafa verið að því líkur að valdabaráttu innan hljómsveitarinnar hafi verið orsök.

JAMMAZ

ENISE



Móðir og dóttir Denise hvarf af yfirborði jarðar dag einn í september 2004.

Denise litla var að mestu leyti sofandi í prísund sinni og þær stundir sem hún var vakandi sá hún ekki lifandi sálu.

Í snarhasti og rauk með hana að heimili frænku sinnar. „Settu hana í kjallarann,“ sagði hún við frænku sína: „Nú launum við lambið gráa, tókinni sem fæddi hana í heiminn.“

Hægur dauðdagi

Eins undarlegt og það kann að virðast virtist enginn úr Pulizzi-fjölskyldunni andsnúinn þessum gjörningi. Denise var fleygt niður í kjallarann og skellt í lás. Hægur dauðdagi yrði verðið sem stúlkan yrði greiða fyrir gjörðir móður sinnar.

Á meðan leitað var dyrum og dyngjum að Denise veslaðist hún upp, of magnvana vegna lyfjagjafar til að gráta og lengstum í lyfjamóki. Eftir eins og hálfis árs prísund í dimmum kjallaranum dó Denise eftir að hafa fengið of stór-an lyfjaskammt með matnum.

Gamall vinur til bjargar

„Hvað er nú til ráða,“ spurði frænka Jessicu. Enginn átti svar við þeirri spurningu og horuðu líki Denise var komið fyrir í frysti. Kallað var til fjölskyldufundar og einhver hafði á orði að gömlum fjölskylduvini, Giuseppe Dassaro, hefði nýlega verið sleppt úr fangelsi: „Fáum hann til að hjálpa okkur.“

Giuseppe hafði 20 árum fyrr verið fengið fangelsisdóm fyrir morð og nýlega fengið reynslulausn. Málið var útskýrt fyrir honum og honum lofuð umbun sem hann gat ekki hafnað.

Sektarkennd og svefnleysi

Giuseppe setti líkið í farangurgeymslu bíls síns, en meira að segja hann þurfti að velta fyrir sér þeim möguleikum sem voru í stöðunni. Því fékk hann leyfi til að geyma líkið í kæliherbergi hjá vini sínum sem var slátrari.

Næsta dag leigði Giuseppe bát og sigldi út á Miðjarðarhafið með lík Denise í farteskinu og fékk hún vota gróf.

Þarna hefði málinu sennilega lokið ef sjáldgæft samvisku-bit hefði ekki gert vart við sig hjá Giuseppe. Sektarkenndin svipti hann svefni og að endingu fór hann til lögreglunnar og sagði alla sólaröguna.

Við rannsókn málsins þaðan í frá vaknaði spurning sem sennilega verður aldrei svarað; var Denise í raun dóttir Danielos? ■

Svartur sauður

Hver var síðan ástæðan fyrir grimmilegum örlögum Denise? Hana mátti rekja þónokkuð mörg ár aftur í tímann, til hinnar sikileysku Pulizzi-fjölskyldu sem var valdamikil í þorpinu Mazara del Vallo. Þrátt fyrir allt og allt naut fjölskyldan virðingar fyrir heilindi meðlima hennar, en innan hennar var þó einn svartur sauður. Það var Danielo nokkur, alræmdur flagari sem virtist, þrátt fyrir að vera tveggja barna kvæntur faðir, hafa það eina markmið að fleka allar konur í þorpinu og víðar.

Skilnaður í Pulizzi-fjölskyldunni

Það var á allra vitorði að Danielo átti alla sína hjúskapartíð hjákonur og svo fór á endanum að eigin-kona hans fékk sig fullsadda og hið óhugsanlega gerðist; hún skildi við hann. Þvílíkt og annað eins hafði aldrei gerst innan vébanda Pulizzi-ættarinnar.

Ein hjákvemma Danielos var Piera, móðir Denise, sem þá var laus og liðug, eins og sagt er.

Fyrir einhverra hluta sakir lagði Pulizzi-fjölskyldan sérstaklega fæð á Piera, sem að þeirra mati hafði kastað rýrd á virðingu fjölskyldunnar. Einkum lagðist málið allt sérstaklega þungt á dóttur Danielos, Jessicu, sem magnvana og reið hafði fylgst með þróun mála, þá á unglingsaldri.

Hleypur á snærið hjá Jessicu

Með tímanum fékk Danielo leiða á Pieru og leitaði á önnur mið og Piera varð ástfangin af Toni Tipitone. Þau gengu í hjónaband og eignuðust Denise árið 2000.

Þann 1. september, 2004, þegar kaupmenn voru að ganga frá mörkuðum sínum í Mazara del Vallo, hljóp á snærið hjá Jessicu, sem þá var orðin 19 ára. Álengdar sá hún Denise litlu, greip hana



Sumartilboð
Sægreifans
 Humarsúpa, brauð & ískaldur gull á 2.000 kr

Sægreifinn
 geirsgötu 8 / s. 553 1500



HAFNA ÍSLENSKIR KARLMENN EITTHVAÐ SKÁNAÐ?

Kona sem er að leita verður að deita“ - segir gamalt kínverskt máltæki, og hef ég lifað eftir því undanfarin misseri. Jafnvel eignast einn og einn æfingakærasta þó að sá langtímarétti sé ekki fundinn.

Miðbæjarkonan ég á það til að fara í afslöppunarferðir til útlanda og í þeim hefur mér síst þótt ástæða til að slökkva á smáforritinu Tinder sem ég nota gjarnan til að kynnast álitlegum piltum. Því er varla saman að jafna að leika sér í smáforritinu erlendis eða með báða fætur á móðurlandinu - munur á mannfjölda er ein ástæðan fyrir því. Fyrir hvern huggulegan Íslending sem birtir myndir teknar á þessari öld, skrifar eitthvað af viti í prófílinn

sinn og er raunverulega að leita að einhverju innihaldsríkara en skyndikynlífi, má búast við tugum í Kaupmannahöfn, hundruðum í Berlín og þúsundum í New York.

Kona í vöndu skapi

Það er þó fleira en fjöldinn sem veldur, og það hef ég ritað um áður og alveg óvart rótað upp viðkvæmum tilfinningum (vissulega án þess að ætla nokkurri einustu sálu illt). Ég hef kastað fram spurningunni um hvort 90% íslenskra karlmannna gætu verið vanstilltir í samskiptum og getið mér þess til að auknu jafnrétti kynjanna sé um að kenna: „Getur verið að forgjöfin sem karlmenn hafa búið að síðustu árhundruðin

í krafti kyns síns sé horfin og þeir standi nú uppi ráðalausir, óvanir jafnréttinu og því að þurfa eitthvað aðleggja á sig.“ (R.E., Kynlífspressan, 2014) Ég hlýt að hafa verið nýbúin á slæmu stefnumóti þegar ég skrifaði þessi ósköp - hvers vegna hefði ég annars skrifað „fokk jú“ í millifyrirsögn og notað síðar í greininni grimmdarleg orð eins og „lúðagangur“, „sauðsháttur“ og „höfnunarhræðsla“. Voðalega hlýtur þetta stefnumót að hafa verið glatað.

Kjarkur og kynfæri

En ætli eitthvað hafi breyst á fjórum árum? Stefnumótamening Íslendinga er rétt svo að slíta barnsskónum svo að fjögur ár

eru allhá prósentu heildartímans sem sú iðja hefur verið stunduð hér um slóðir. Það verður æ algengara að fólk hafni þeim gamla íslenska sið að drekka kláravín í kók fram eftir kvöldi, drífa sig svo á barinn upp úr miðnætti, panta bjór (bjórlíki fyrir 1989) og drekka hann þar til kjarkurinn varð nægur til að hrynja í fangið á einhverjum með passandi kynfæri.

Óvelkomnar dráttarvélur

Núna er blessunarlega orðið nokkuð vinsælt að fólk skiptist á nokkrum orðum áður en samfarir hefjast, og sé jafnvel búið að ganga úr skugga um að það eigi skap saman. Orðspor Íslendinga lifir þó og hefur náð erlendum eyrum eins og við vitum. Hver man ekki eftir „Dirty weekend“ auglýsingum Icelandair frá því fyrir nokkrum árum. Nýlegri eru dæmi um táláttarvélarnar Julien Blanc og Daryush Valizadeh sem báðar hafa ritað fjálglega um það hvernig skuli fá

íslenskar konur sem allra hraðast úr nærbuxunum. Þeir fengu eðlilega nokkuð óblíðar móttökur heimafólks þegar þeir reyndu að bera boðskapinn hingað.

Við hittumst í Bónus

Kannski er það aldurinn og viskan, en ég hef mögulega mýkst eitthvað örlítið í afstöðu minni til íslenskra karlmannna, þó svo að ég sé fullviss um að þeir eigi ennþá dálítinn spöl eftir til að komast með tærnar þangað sem margir erlendir kynbræður þeirra eru með hælana. Tinder hefur opnað nýjar víddir og greitt fyrir samskiptum án vímuefna. Fleiri og fleiri telja eðlilegt að hittast yfir kaffibolla eða hveitibollu til að kanna hvort frekari grundvöllur sé til samskipta á rómantískum eða lostafullum nótum. Svo megum við ekki gleyma því að það má alveg spjalla við ókunnuga í heita pottinum, í strætó, í grænmetisdeildinni úti í búð og í biðröðinni í Ísbúð Vesturbæjar. ■

SÓFA & BORDSTOFU DAGAR

**20-50%
AFSLÁTTUR
Á SÓFA OG
BORDSTOFUDÖGUM**



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Fjórar leiðir til að auka lostann í lífinu

Fylgist með því hversu oft þið njótið ásta:

Fáið ykkur fína stjörnulímmiða og setjið stjörnu á dagatalið þegar kynlíf er stundað. Það getur verið sexí að skoða dagatalið saman. Frábært fyrir fólk í samböndum sem er farið að stunda kynlíf of sjaldan og langar að gera breytingu þar á.

Hrósum meira:

Hvert hrós er gjöf sem við græðum á að gefa. Fyrir hvert hrós sem við gefum úr hjartanu bætast tvö ný við. Þegar við leggjum okkur fram við að taka eftir því jákvæða í fari fólks og setjum hlutina í orð. Búum við til jákvæða orku, góð tengsl og sexí andrúmsloft.

Tjáum þarfir og væntingar:

Rútinan og hversdagsleikinn hafa kannski leitt huga okkar

frá því hvað við raunverulega þurfum í kynlífinu. Spáum í þarfirnar og hvort þær eru uppfylltar í kynlífinu eins og það er í dag. Ef ekki, þarf að tala saman og búa til nýtt plan.

Prófum eitthvað nýtt:

Gerðið tilraunir í kynlífinu. Breytið um takt eða aðgerðaröð. Gerið hlutina aðeins öðruvísi en vanalega. Breytingar þurfa ekki að þýða keðjur og leður eða heilgalla úr latex. Nýjungar kveikja í okkur, það er mannlegt og eðlilegt.

Ragnheiður Eiríksdóttir
er hjúkrunarfræðingur og
kynlífsráðgjafi

raggaeiriks@gmail.com

www.raggaeiriks.com

ERTU AÐ FLYTJA? VANTAR ÞIG SENDIBÍL?




Þú leigir hjá okkur sendibíl
í stærð sem hentar fyrir þig, með
eða án lyftu, og keyrir sjálfur.

**Hafðu samband í síma
566 5030 – Cargobilar.is**

CARGO
sendibíla-leiga

566 5030
www.cargobilar.is

Helgarkrossgátan

			áfengis- lausu	skemma	hrylla	guðhrætt				
							7			
		púkar					eldstæði			
		bögul			sögupers. núningur					
		keyrðar								
	suði									
krossgátugerð: Bjarni Sími: 845 2510	↓	vinnu- vélinni	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	deyðir	2 eins	auma	1	ferskur		slæm
keldurnar			3							
brall í bauk			snögg				dag- draumar	fram		happ
öngl					vagg sólguð					
2 eins			þjóð dreng- skapur				kaun		blóm	
tróna						kvendýrið kona				
una					knæpa låt			keyrinu		svari
		pirraða kúptur				skott áorka				
nibba			ryðgaður	púka lamast			deig			
	↳									hrylli 4
slóð					2 eins röð			maður plöntu		
	snilld portkonuna					kvendýr ranglar				veruleikinn
reglubróðir						snepil	6			
fugl					3 eins			líkams- hluti		
		sæmdin	gras röð		5	kyrrð skrimta			óski	
lokað						káma drif			árföður til	
blóm					stía 2 eins			gnauð		
fíkn						stokkur	2			
storm			tapa					líkams- vefur		

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3	2						7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

Erfið

3	6			2				1
				8			6	7
4					1			
			1	6	3		7	8
					2		1	5
		9					3	
			2	5	6			
9					4			
1	5		3					

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Guðmundur Guðbrandsson

Safamýri 13,

108 Rvk.

Lausnarorð í RÖKKURÓ

Guðmundur hlýtur að launum bókina Fyrir fallið



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókina Sjöunda barnið

Sjöunda barnið

Höfundur: Erik Valeur

Börnin sjö áttu eitt sameiginlegt: Þau fæddust á fæðingargangi B á Rigshospitalet og öll skyldu þau ættleidd. Næstu mánuði fundu konurnar á hinu fræga ungbarnaheimili Kongs- und nýjar fjölskyldur handa þeim víðsvegar um Danmörku og þau uxu úr grasi án hinnar minnstu vitneskju um fortíð sína. Eitt barnanna bjó yfir leyndarmáli, sem varð að halda leyndu hvað sem það kostaði. Þegar gömul kona fannst látin á strönd skammt frá barnaheimilinu kom upp mál sem hafði áhrif á alla þjóðina: Hafði hið mikilsvirta barnaheimili leynt hneyksismáli úr efstu stigum þjóðfélagsins í hálfu öld?

Sjöunda barnið er sagan um tenginguna milli þessara sjö barna, en líf þeirra tengdist órjúfanlegum böndum, allt frá fæðingu í byrjun sjöunda áratugarins, þegar velferðarrikið komst á í Danmörku.

Besta norræna glæpasagan, Glerlykillinn 2012

Bókmenntaverðlaun Weekendavisen

Bókmenntaverðlaun danska ríkisútvarpsins

Verðlaun Danske Bank fyrir bestu frumraun höfundar

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.


Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!

Tímarvélín



Gamla auglýsingin

Vísir 17. júní 1918

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



„Sól tær sortna,
sígur fold í mar,
hverfa af himni
heiðar stjörnur.
geisar eimi
við aldurnara
leikur hár hiti
við himin sjálfan.“

Þessari heimsendalýsingu úr Völuspá hefur kannski skotið upp í huga einhverra þegar eldgos, sem kennt er við Skaftárelda, hófst í júní 1873. Eftir mikla jarðskjálftahrinu hófst eldgosíð þann 8. júní og stóð fram í febrúar 1784. Þetta er eitt mesta gos Íslandssögunnar og raunar sögu mannkyns og hafði mikil áhrif á land og þjóð og móðuharðindin svokölluðu, sem fylgdu gosinu, stráfelldu landsmenn en þau eru líklegast mestu harðindi sem hafa dunið yfir þjóðina frá upphafi byggðar. Um 600 ferkílómetrar lands fóru undir hraun í gosinu. En getur verið að Skaftáreldar hafi haft áhrif langt út fyrir landsteinana? Vitað er að þeir höfðu áhrif á veðurfar og þar af leiðandi uppskeru víða um heim. En hvað með þróun vestrænna þjóðfélaga, komu Skaftáreldar þar við sögu?

Aska, flúorsambönd og brennisteinsagnir bárust meðal annars til Noregs, Hollands, Bretlandseyja, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Spánnar, Norður-Ameríku og jafnvel Egyptalands. Askan og brennisteinsagnirnar mynduðu þoku sem hafði mikil áhrif. Skip urðu að liggja í höfn því sjófarendur sáu ekki nægilega langt frá sér og því var lítið sem ekkert hægt að stunda fiskveiðar hér við land. Uppspera brast vegna öskufalls og óvenjulega heits sumars. Skepnur drápuðst unnvörpum vegna flúor-



Skaftáreldar 1783–1784

Voru þeir örlagavaldur í þróun vestrænna samfélaga?

- Móðuharðindin fylgdu gosinu, landsmenn stráfellu
- Höfðu áhrif á veðurfar og uppskeru víða um heim
- Kröftugir stormar og haglél í Evrópu

eitrunar og skorts á æti. Þessu fylgdi hungursneyð hér á landi frá 1783 til 1786. Vetur voru harðir og sumur köld og vætusöm.

Ekki bætti úr skák að bólusótt barst til landsins haustið 1785. Þegar mannföldatölur eru skoðaðar sést að um mitt ár 1783 voru

landsmenn 48.810 en þremur árum síðar voru þeir 38.973. Þeim hafði sem sagt fækkað um 10.000 á þremur árum eða um

fimmtung.

Ýmislegt er að finna um þetta í samtímaheimildum, til dæmis skrifaði Benjamin Franklin,

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

ERTU AÐ FLOKKA EÐA PLOKKA ?

Farðu inn á www.igf.is og komdu flokkunarmálunum í lag



Priggja flokka
stállát 60 L



Troðslugrind
á hjólum



Græna tunnan

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Sumarið sjaldan sáum

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Sumarið sjaldan sáum

Séra Jón Steingrímsson er frægur í íslenski sögu sem eldklerkurinn. Þegar Skaftáreldar stóðu sem hæst þótti samtímamönnum hans augljóst að hann hefði stöðvað hraunflaum að kirkjunni á Klaustri með prédikun sinni eða eldmessu eins og því er lýst í heimildum og það hafi bjargað kirkjunni. Þá eru lýsingar Jóns á eldunum, og síðan móðuharðindunum í kjölfarið, einstæðar. Jón orti líka kvæði um hörmungar og kallaði Angurvöku.

Afeidum að oss sendi
eld, sem hingað vendi,
fjórtnán bæi upp brenndi
og blómleg undirlendi,
ákaft áfram renndi,
eftir skildi hraun og sker.
Herrann Jesús hjálpi mér.
Býsn sú biðja kenndi
og betur Guði hlýða.
Sendi oss drottinn sigurinn fríða.

Rauð varð sólin sæla,
sands féll yfir þæla,
brennisteins vatn og bræla,
bliknaði fold og dæla,
skepnur veina og væla,

vilttar dóu þar og hér.
Herrann Jesús hjálpi mér,
Soddan sorgargæla
sáran jók oss kvíða.
Sendi oss drottinn sigurinn fríða.

Bifudust björg og grundir,
brenndust skógalundir,
glossuðu glumra fundir,
gjörvalt skalf þá undir,
þrumaði í þessar mundir,
það voru stórar ógnaner.
Herrann Jesús hjálpi mér.
Ó, hvað um þær stundir
aumleg varð hún Síða!
Sendi oss drottinn sigurinn fríða.

Um sumarið sjaldan sáum
sól fyrir mökkum háum,
með ódaun ofurþraum,
askan sat á stráum,
frá sagt varla fáum,
hvað fjölgðu ýmsar mannrauner.
Herrann Jesús hjálpi mér.
Eldurinn aurnum gráum
yfir oss gerði hýða.
Sendi oss drottinn sigurinn fríða.

einn af stofnendum Bandaríkjanna, „sífelld þoka liggur yfir allri Evrópu og stórum hluta Norður-Ameríku“.

Þetta hafði áhrif á veðurfarið og veturinn var óvenjulega harður og er sagt að Mississippí hafi frosið við New Orleans. Talið er að gosið hafi raskað monsunhringrásinni í Asíu og valdið hungursneyð í Egyptalandi.



Sífelld þoka liggur yfir allri Evrópu og stórum hluta Norður-Ameríku

Víkur þá sögunni til Frakklands
Sagnfræðingar hafa bent á að gosið hafi haft mikil áhrif á efnahag í Norður-Evrópu og matarskortur hafi átt stóran þátt í Frönsku byltingunni 1789. John Murray eldfjallafræðingur segir að eldgos geti haft mikil áhrif á veðurfar í tvö til fjögur ár og það hafi síðan félagslegar og efnahagslegar afleiðingar og ekki megi útiloka hugsanlegar pólitískar afleiðingar.

Evrópubúar fengu tvo harða vetur vegna gossins auk blautra sumra, uppskerubrestur fylgdi þessu hörmungaveðurfari. Í Frakklandi var veðurfarið með undarlegra móti fram til 1788, kröftugir stormar og haglél sem var að sögn svo stórt að það drap nautgripi.

Í Frakklandi var röð atburða hafin sem á endanum leiddi til Frönsku byltingarinnar í júlí 1789 en þá réðst almenningur á Bastilluna alræmdu sem var fangelsi og mikilvægt vopnabúr hersins. Það er líklegast fulldjarft að segja að Skaftáreldar hafi hrundið Frönsku byltingunni af stað en þeir blönduðust líklega inn í þá flóknu atburðarás sem varð til þess að byltingin var gerð en hvort þeir voru steinninn sem velti þúfunni er annað mál.

Franska byltingin er talin með merkilegri atburðum í sögu Vesturlanda og hún, ásamt ýmsum öðrum atburðum, breytti evrópski sögu til frambúðar. Yfirleitt er talað um að byltingin hafi hafist í júlí 1789 en kannski má segja að hún hafi hafist löngu áður. Menningar- og efnahagslegar ástæður lágu að baki byltingunni en samfélagslegur óróleiki hafði um hríð sett mark sitt á samfélagið. Menntamenn höfðu lengi

hist og rætt samfélagsleg málefni fram og aftur og gefið ýmis rit út um þessi mál. Yfirleitt var þess krafist í þessum ritum að menntafólk hefði meira að segja um samfélagsleg málefni og að réttindi fólks til að mótmæla yfirvöldum yrðu aukin. Iðnbyltingin var rétt að hefjast og mikill fjöldi fátækra verkamanna var í stóru bæjunum og borgunum. Þeir höfðu það slæmt og áttu erfitt með að sjá sér og sínum farborða. Korn og brauð hækkuðu stöðugt í verði og margir sultu. Það var því nægilegur eldiviður í frönsku samfélagi fyrir byltingu gegn því óréttlæti sem almenningur taldi sig búa við. Fólk taldi sig einfaldlega ekki hafa neinu að tapa.

Mikil óstjórn var á frönsku samfélagi á þessum tíma, skuldir ríkisins voru löngu farnar úr böndunum en aðallinn og kirkjan, sem öllu réðu, létu sem ekkert væri að. Franskt samfélag var því illa undir það búð að takast á við veðurfarslegar hörmungar og uppskerubrestinn sem fylgdi Skaftáreldunum í ofanálag við samfélagslegan óróa.

Í kjölfar árásarinnar á Bastilluna sá Loðvík 16. konungur sér ekki annað fært en boða friðslyndari stjórnarhætti en það



dugði ekki til að lægja öldurnar því fólk var komið með meira en nóg af ólýðræðislegum yfirvöldum og aðalsmönnum sem töldu sig öðrum fremri. Í ágúst var lagt fram skjal, sem byltingin er helst kennd við, en þar er fjallað um réttindi borgaranna og kjörorð byltingarinnar sem voru: jafnrétti, frelsi og bræðralag. Ljóst var að völd og áhrif kirkjunnar og aðalsins yrðu aldrei söm á ný.

Allt þetta gæti hafa ýtt undir frekari kröfur um lýðræðislegar umbætur og hrundið byltingunni

af stað fyrr en ella en væntanlega verða aldrei færðar sönnur á bein orsakatengsl Skaftárelda og Frönsku byltingarinnar. Það má til dæmis velja fyrir sér hvort hún hefði ekki orðið, kannski svolítið seinna, þótt ekki hefði gosið á Íslandi með fyrrgreindum hörmungum.

Hitt er þó ljóst að Franska byltingin hafði mikil áhrif á franskt samfélag og teygði sig síðan til annarra vestrænna ríkja og væri heimsmyndin kannski allt önnur í dag ef franskur

almenningur hefði ekki ráðist á Bastilluna. Aldagamalt kerfi, þar sem eignir og gæði voru aðallega í höndum aðalsins og kirkju, var lagt af. Forréttindi voru ekki lengur sjálfgefin í mörgum Evrópuríkjum og borgarastéttinni óx ásmegin með tímanum. Franska byltingin markaði upphaf endaloka lénskerfisins. Kjörorð hennar um jafnrétti, frelsi og bræðralag hafa allt frá átjándu öld haft áhrif á stjórnmál í Evrópu og munu væntanlega gera áfram. ■

Mestu eldgos jarðar

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is

Surtseyjareldar

Eldgosið sem myndaði Surtsey var eitt það lengsta sem orðið hefur eftir að menn námu land á Íslandi. Í Surtsey sjálfri og í Jólni og Syrtlingi, eyjum sem seinna hurfu í sæ, gaus frá 1963 til 1967. Í gosinu kom upp um 1,1 rúmkílómetri af gosefnum. Vísindamenn hafa gefið þessu gosi 3 á VEI-skalanum, sem er minni háttar.



Tambora

Mesta eldgos á jörðinni sem sögur fara af varð í eldfjallinu Tambora á eyjunni Sumbawa í Indónesíu árið 1815. Eldfjallið sprakk í loft upp og heyrðist hvellurinn í um 2.000 kílómetra fjarlægð. Eldgosið var einnig það mannskæðasta á sögulegum tímum en 71.000 manns létust af völdum þess og um 11-12 þúsund í sprengingunni sjálfri. Allur gróður á eyjunni brann og öskufall olli svartamyrkri. Um 50 rúmkílómetrar af gosefni komu upp úr Tambora. Aska og brenni-

steinsgas þeyttist upp í heiðhvolfið og móðan hafði áhrif á loftslag um allan heim. Árið 1816 er talið það kaldasta á norðurhveli jarðar í 600 ár. Vesturlandabúar kölluðu það ár „árið þegar aldrei kom sumar“. Íslenski jarðvísindamaðurinn Haraldur Sigurðsson hefur rannsakað Tamboragosið um langt árabil og meðal annars stjórnað uppgreftri á mannvistarleifum er grófst undir í gosinu.

Hekla

Jarðvísindamenn telja að gríðarlega stórt eldgos hafi orðið í Heklu í kringum árið 1000 fyrir Krist. Í gosinu er talið að Hekla hafi spúið 7,3 rúmkílómetrum af gosefnum. Gosið er talið hafa valdið kólnandi veðráttu í nokkur ár á norðlægum slóðum í heiminum. Hópur sérfræðinga í sögu Egyptalands taldi árið 1999 að gosið hefði valdið hungursneyð árið 1159 fyrir Krist, í valdatíð Ramsesar III. Trjáhringir í írskum eikum vitna um 18 ára kuldaskeið og hefur Heklugosinu mikla verið kennt um það. ■



Gerð gæða- og verðsamanbuð



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU

FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup



BODYPRINT

Mikið úrval af stillanlegum rúmum

vefverslun
svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagna- Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

HÁLF TAFLA SKILDI MILLI LÍFS

■ Samhugur og samstaða er styrkur í sorginni ■ Minningarsjóður: „Ég á bara eitt

Einar Darri Óskarsson lést á heimili sínu þann 25. maí síðastliðinn aðeins 18 ára gamall. Foreldrar hans, systkin, vinir og stórfjölskylda ákváðu stuttu eftir andlát Einars að halda minningu hans á lofti með stofnun minningarsjóðs, þar sem drifkrafturinn er kærleikur, samstaða og góðar minningar um ungan dreng sem fór allt of snemma. Ungan dreng sem lést af völdum lyfjæitrunar vegna misnotkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum. Misnotkun á slíkum lyfjum ágerðist á tveimur seinustu vikum lífs hans og gat hann falið það fyrir sínum nánustu og kom andlát hans öllum í opna skjöldu.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Blaðamaður DV settist niður með föður Einars Darra, Óskari Vídalín, og Anítu Rún, 21 árs, dóttur Óskars og systur Einars Darra, og ræddi við þau um Einar Darra, misnotkunina á lyfseðilsskyldu lyfjunum, minningarsjóðinn og verkefnið sem eru fram undan og markmiðin sem þau vilja ná.

„Við fjölskyldan ákváðum fljótlega eftir að Einar deyr að stofna minningarsjóð, okkur langaði að halda minningunni um hann á lofti,“ segir Óskar. „Við gerðum okkur ekki grein fyrir hvert það myndi leiða okkur, en við vildum stofna sjóðinn. Við heyrðum líka mikið um andlát ungs fólks og vandamál tengd lyfjum eftir að hann dó, þannig að maður gerir sér grein fyrir hvað þetta er stórt og mikið vandamál, vandamál sem við höfðum enga hugmynd um áður en hann dó. Við fengum upplýsingar um misnotkun hans og fíkt með lyf í gegnum farsímamann hans þegar við skoðuðum hann. Það kom okkur öllum í opna skjöldu og þar af leiðandi ákváðum við að einbeita okkur að forvörnum og beina athyglinni að unga fólkinu og leggja áherslu á lyfseðilsskyld lyf. Það er eitthvað sem maður hefur ekki heyrt mikið talað um. Síðan kom hugmyndin að armböndunum upp og þau hafa slegið í gegn.“

Minningarsjóðurinn tekur á móti frjálsum framlögum og eru

þau meðal annars notuð til að fjármagna armböndin, sem eru kærleiksgjöf frá Minningarsjóði Einars Darra. „Við viljum þannig auðvelda útbreiðslu þeirra og höfum hingað til ekki leitað eftir neinum styrkjum frá yfirvöldum,“ segir Óskar.

„Við ákváðum að gefa armböndin og það er í anda Einars, hann var svo kærleiksríkur og vildi gefa af sér til allra,“ segir Aníta. „Hann fylgir okkur í þessu verkefni finnst okkur,“ bætir Óskar við.

„Við ákváðum að vera áberandi, armböndin eru bleik, en bleikur var uppáhaldslitur Einars, við keyptum bleikar peysur og erum í þeim og erum mjög áberandi. Við erum búin að kynna verkefnið vel á Facebook-síðu minningarsjóðsins: af hverju við erum að gefa armböndin, hvert markmiðið er með þeim og opna umræðuna. Við höfum hringt í ansi marga aðila þar sem við erum að leita að samstarfi eða öðru og mjög margir vita hver við erum, hafa kíkt á síðuna og fylgst með. Það kemur manni töluvert á óvart,“ segir Óskar.

„Við erum líka á Instagram og þar eru ótrúlega margir að setja inn mynd af sér með armband. Mörg sem þakka okkur fyrir að gera þetta, því þau hafa ekki þor að því sjálf. Það er heldur ekki auðvelt fyrir okkur að koma fram með þessa sögu, en við teljum að Einar vilji að það sé okkar verkefni,“ segir Aníta.

„Já, ég held að hann sé mjög stoltur af okkur,“ segir Óskar.

Stefnan er næst tekin á Franska



LJÓSMYNDIR: DV/HANNA

daga á Fáskrúðsfirði og Þjóðhátíð í Eyjum þar sem armböndum verður dreift. Einnig er hægt að fá þau á fjölmörgum pósthúsum, þar sem hópurinn annaði ekki eftirspurn í persónulegum skilaboðum eftir armböndum.

Minningarsjóðurinn gerði einnig myndband sem þegar þetta er skrifað hefur fengið 160 þúsund áhorf. „Við erum að nota alla miðla, við fáum hugmyndir og bara framkvæmum þær,“ segir Aníta.

Heimasíða er í vinnslu og er hugmyndin sú að þar verði nokkur svæði, til dæmis eitt fyrir foreldra

þar sem þeir geta farið og fengið viðeigandi fræðslu. „Það er mikilvægt að foreldrar fái líka fræðslu. Okkur grunaði ekki að hann væri kominn í svona lyf,“ segir Aníta.

Bleika hjörðin verður áberandi í Reykjavíkumaraþoninu

Reykjavíkumaraþonið fer fram á Menningarnótt, þann 18. ágúst næstkomandi, og hefur minningarsjóðurinn stofnað hóp sem heitir Bleika hjörðin. Um 70 manns hafa þegar skráð sig til leiks og má búast við að þeir verði fleiri, enda tæpur mánuður til stefnu. „Flestir ætla að hlaupa 10 kílómetra, en

eldra fólk eins og ömmurnar fara þrjá kílómetra,“ segir Aníta. Allir sem hlaupa fyrir minningarsjóðinn fá bleikan bol og allir styrkir fara inn á sjóðinn. „Við setjum markmiðið á að ná tveimur milljónum, allur peningurinn fer í forvarnarverkefni, við erum að vinna að fleiri verkefnum og erum bara rétt að byrja.“

Aðspurður hvort þau séu öll í formi fyrir hlaupið, brosir Óskar og svarar: „Mismiklu, við tökum einhverja spretti örugglega.“ Stefnan er þó sett á að vera saman í hlaupinu sem einn hópur, vera áberandi og vekja með því athygli á málefnum.

Jóhann keyrði aftan á bíl og
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS



S OG DAUÐA EINARS DARRA

“Líf“ ■ „Við verðum að læra að lifa með sorginni, hvernig sem við gerum það“




Ekkert gaf til kynna að Einar væri að misnota lyfseðilsskyld lyf

Aðspurð segja þau að ekkert hafi gefið til kynna að Einar væri væri að misnota lyfseðilsskyld lyf, hvað þá jafn mikið og síðustu tvær vikurnar í lífi hans, líkt og síðar kom í ljós. Hann var að klára annað ár í Fjölbraut á Akranesi og stundaði vinnu. „Það er allt öðruvísi neyslumynstur í dag, hann kom heim og það sást ekkert á honum, það var engin breyting á hegðun hans, krakkar eru farin að stjórna neyslunni þannig að lítið ber á henni heima,“ segir Óskar. „Einar var að

vinna til klukkan ellefu kvöldið áður en hann dó. Það er mikilvægt að foreldrar geri sér grein fyrir að misnotkun á þessum lyfjum getur farið undir radarinn. Við viljum vinna forvarnarstarfið á faglegum nótum og erum með gott fólk með okkur, við höfum sjálf hvorki reynslu né þekkingu á slíkri vinnu,“ segir Óskar.

„Einar var litli bróðir minn, þroskaður miðað við aldur og besti vinur minn þrátt fyrir aldursmuninn. Hann fór í ræktina daglega, hafði alltaf tíma fyrir vinina, alltaf tíma fyrir fjölskylduna,“ segir Aníta. „Vikuna



áður en hann dó var ég mikið heima og við horfðum mikið á myndir saman. Það var allt mjög edlilegt, hann talaði við okkur, hann var mjög opinn. Hann var haldinn heilsukvíða og mjög opinn um það, hann talaði bara endalaust, maður sá ekkert breytast.“ Þau segja bæði að þegar þau hugsu til baka þá sé ekkert sem gaf til kynna hvenær hann byrjaði að neyta lyfjanna.

„Hann var tekinn fyrir á árinu á bíl og þá mældist kókaín í blóði hans. Eftir það var hann undir eftirliti hjá Báru, móður hans, teknað þvagrúfur og slíkt og ekkert kom þar fram. Mér skilst að það sé ekki hægt að greina töflurnar í slíkum þvagrúfum, þannig að hann fór í gegnum þær allar,“ segir Óskar. „Eins og kemur fram í símanum hans þá virðist misnotkunin á þessum efnum hafa aukist síðustu tvær vikurnar í lífi hans og hann talar um fráhrarfseinkenni sem eru víst mjög öflug,“ bætir Óskar við.

„Ég var mikið með honum þessar tvær vikur og get ekki sagt að ég hafi séð neitt á honum. Hann var mikið með okkur, var í prófum í skólanum, gekk mjög

vel og var að vinna þannig að þetta var mikið áfall,“ segir Aníta.

„Þetta er líka forvitni, það er mikið talað um þessi lyf í tónlistinni sem krakkar hlusta á. Kannski er ég ekki svona forvitin, en hann heyrði eitthvert lag sem fjallaði um lyf og þurfti þá að vita allt um lyfið, síðan hefur forvitnin náð tökum á honum og hann ákveðið að prófa,“ segir Aníta.

„Hann var sjálfur á tónlist og var að semja tónlist og texta sem fjalla um þessi lyf. Maður var grandalaus um það og hélt að þetta myndi eldast af honum,“ segir Óskar. „Ég spurði hann hvort hann væri að syngja um sannleikann, hvort hann hugsaði svona í alvöru, en hann neitaði því, sagði að þetta væri í tísku og bara eitthvað sem strákar væru að syngja um í dag. Þetta er forvitni, fikt, fíkn. Við vitum ekki hvort hann hefði náð að snúa við blaðinu, hann fékk aldrei tækifæri til þess,“ segir Aníta.

Óskar segir það mestu ógnina við neyslu lyfjanna að ungmennin nái aldrei að leita sér hjálpar, þar sem ein tafla sé oft nóg til að skilja milli lífs og dauða.

„Þetta var hálf oxy-tafla sem

hann tók kvöldið sem hann dó,“ segir Aníta.

Gleðidagur breyttist í einni svipan í sorgardag

Einar Darri bjó ásamt móður sinni og yngri bróður í Melasveit í Hvalfyrri. Daginn sem hann lést var Aníta Rún að útskrifast sem stúdent. „Um það leyti sem hann var að deyja inni í herbergi vorum við hin að fara að taka okkur til. Þetta gerðist um morguninn hugsa ég, hann dó bara í svefni, það tók enginn eftir neinu fyrir en átti að vekja hann,“ segir Aníta.

„Ég var að koma upp eftir með móðurömmuna, um hádegisbilið,“ segir Óskar. Þegar þau beygðu inn í Melahverfið mættu þau sjúkrabílnum. „En við vitum ekkert hvað var í gangi fyrir en við komum að fyrir utan heimilið og sáum lögreglubíla. Ég fór á eftir sjúkrabílnum upp á Akranes og þegar ég kom þangað var lækni búinn að úrskurða hann látinn. Það sem átti að vera gleðidagur breyttist í sorgardag.“

Einar var vinmargur og segja feðginin að andlát hans hafi verið reiðarslag fyrir alla og eitthvað sem enginn bjóst við. ▶

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

ÚTSÖLUNNI

LÝKUR Á LAUGARDAG!

ALLRA SÍÐUSTU
DAGAR
ÚTSÖLUNNAR

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík
588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.



Vinahópurinn sem og ættingjar séu í sárum. „Við höfum talað við þau öll og það standa allir saman og hjálpast að,“ segir Aníta, sem eftir andlát bróður síns ákvað að taka sér hlé frá frekara námi og vinna að minningarsjóðnum og verkefnum hans, en hún stefnir á að læra félagsráðgjöf.

„Markmið okkar með minningarsjóðnum er að opna umræðuna og að unga fólk geti sérgrein fyrir að neysla lyfja er lífshættuleg og að foreldrar geri sérgrein fyrir að þetta geti verið að gerast heima hjá þeim,“ segir Aníta.

Minningarsjóðurinn er styrkur í sorgarferlinu

Þar sem þið farið í forvarnarverkefnið svo stuttu eftir andlát Einars, náði þið að syrgja eða eruð þið að slá sorgarferlinu á frest?

„Fyrir mitt leyti þá sækir ég mikinn styrk í að við, fjölskyldan, hittumst oft og enn meira eftir að við förum að vinna með minningarsjóðinn,“ segir Óskar. „Það hjálpar mér mikið að hafa eitthvað fyrir stafni í sorgarferlinu, verkefni sem mér finnst verðugt og í minningu Einars. Ég er í sambandi við geðhjúkrunarfræðing og

er að vinna í mínum málum með honum. Mér finnst stuðningurinn sem við fáum líka hjálpa mér afskaplega mikið, hann kemur mér á fætur á morgnana. Svo veit maður ekki hvað gerist þegar fer að hægja á, maður veit ekki hvernig morgundagurinn verður,“ segir Óskar.

„Þegar ég fékk símhringinguna um að Einar væri látinn, þá vissi ég að hann væri dáinn en var samt með þá hugsun að það kæmi ekkert fyrir okkur,“ segir Aníta. „Hann er vaknaður núna uppi á spítala, hugsaði ég, og ég hugsa það enn

stundum í dag að þetta sé ekki alvara. Ég stend í kirkjugarðinum og horfi á krossinn hans og hugsa að þetta sé óraunverulegt, kannski af því að við finnum svo mikið fyrir honum.

Ég hugsa bara dag fyrir dag. Ég get átt slæman dag og þá passa ég bara að hugsa um sjálfa mig og leyfi mér að eiga slæman dag. Við ákváðum að vinna verkefnið í kærleika og ef við eigum slæman dag, þá erum við ekki að vinna að því. Það hjálpar mér mikið að hugsa til Einars, ég á bara góðar minningar um hann og þær hjálpa mér að syrgja hann. Svo erum við líka oft heima og grátum og þá leyfum við okkur bara að gráta.“

Óskar hefur upplifað að geta kvatt einstakling áður en viðkomandi féll frá. „Að jarða ungan dreng er eitthvað sem ég vil ekki að neinn upplifi. Við höfum fengið mikinn stuðning frá fjölda fólks sem við þekkjum ekkert og frá fjölskyldu og vinum, það er ómetanlegt. Maður er snortinn yfir viðbrögðunum og allir eru tilbúnir til að leggja sig af mörkum, það er bara frábært.

Sektarkenndin er hluti af ferlinu sem ég fer í gegnum eftir að Einar deyr. Sú tilfinning kom strax upp og er eitthvað sem maður verður að vinna með sjálfur. Ég get ímyndað mér að hún fari illa með fólk ef ekki er unnið með hana. Ég er opinn með að tala um hana. Að jarða barnið mitt er eitthvað sem ég hef ekki gert áður og maður verður bara að lifa í núnu, ég veit ekkert hvernig morgundagurinn verður. Við verðum að læra að lifa með þessu, hvernig sem það er gert,“ segir Óskar.

„Ég veit líka að alltaf þegar verður gleðidagur hjá mér, þá mun hann verða smá sorgardagur um leið,“ segir Aníta. „Eins og þegar ég gifti mig, eignast börn, ég hef alltaf séð Einar sem hluta af því. Ég mun gráta af því að hann er ekki með, en ég verð bara að leyfa því að gerast því ég mun alltaf sakna Einars. Ef ég loka alveg á sorgina þá er ég hrædd um að góðu minningarnar fari líka og ég vil frekar eiga slæma daga af og til, en að loka á minningarnar. Maður býst ekki við að einhver svona ungur muni deyja. Einar hafði samt misst góðan vin sinn fyrir á árinu vegna eiturlyfja en maður hugsar að það muni ekkert koma fyrir mig eða mína fjölskyldu.

Heiða, amma Andreu, systur Anítu og Einars, andaðist eftir stutt en erfið veikindi kvöldið eftir jarðarför Einars. Hún var nán Einari þrátt fyrir að vera ekki blóðskyld honum og náði að segja Báru, móður Einars og Andreu,

stuttu áður en hún lést að hún ætlaði sér að fara og passa upp á Einar okkar. Það er gott að vita að þau séu þarna saman,“ segir Aníta.

Misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum er mjög algeng

Fedginin eru sammála um misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum sé mjög algeng og orðin stórt vandamál. „Mjög margir sem ég hef talað við þekkja einhvern sem glímir við slíkt og hefur einhverja sögu að segja,“ segir Óskar, „það segir manni að þetta sé stórt vandamál. Eftir að við ákváðum að stofna minningarsjóðinn og fara þessa leið þá er ég óhræddur við að tala um andlát Einars, það hjálpar mér líka og er ekkert feimnismál hjá mér. Ég er tilbúinn til að fara ótroðnar slóðir til að vekja athygli á þeim vanda sem misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum er, eins og til dæmis að sitja fyrir svörum í útvarpsviðtali, sem er eitthvað sem ég bjóst aldrei við að gera.“

Bæði segjast þau vera lítið fyrir sviðsljósið, en nú ávallt hugsa: „Hvað myndi Einar gera?“ Segja þau hann alltaf hafa hvatt aðra áfram til verka og það sé drifkrafturinn í verkefnum þeirra núna. „Við bara gerum þetta, það er ekkert hik á okkur,“ segir Óskar.

„Við viljum hafa áhrif í samfélaginu með því að opna umræðuna, og vonandi leiðir umræðan til breytinga hvað varðar forvarnarfræðslu í skólum og meðferðarúræði. Ég hef spurt út í forvarnarfræðslu í framhaldsskólum og mér skilst að hún sé ekki mikil, þannig að þar er óplægður akur. Þegar maður tekur stökkið frá grunnskóla upp í framhaldsskóla, þá er það mikil breyting, þannig að ég tel að þar sé ákveðinn áhættuhópur og forvarnarfræðsla á öllum skólastigum því nauðsynleg,“ segir hann.

„Á fyrsta ári í fjölbraut fór ég í lífsleikniáfangu og þar var forvarnarfræðsla um of hraðan akstur og sláandi myndbönd sýnd,“ segir Aníta. „Þetta situr enn í mér þannig að ég myndi halda að sambærileg fræðsla um lyf hefði sömu áhrif,“ bætir hún við.

„Maður er ótrúlega þakklátur fyrir stuðninginn sem við höfum fengið, hann heldur manni gangandi og við efnið, hjálpar manni að komast á fætur á morgnana og líta daginn bjartari augum við að vinna að svona verðugu verkefni. Við hefðum aldrei getað þetta ein,“ segir Óskar.

„Við erum ótrúlega þakklát,“ segir Aníta, „og ef við náum að bjarga, þó ekki sé nema einum einstaklingi frá því að deyja vegna ofneyslu lyfseðilsskyldra lyfja, þá er markmiði okkar náð.“ ■

SVO ALLT GANGI SMURT

- Öryggisvörur
- Efnavörur
- Olíuvörur



kemi
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Átakanlegt bréf polanda kynferðisofbeldis:

„ÉG VAR EKKI NOGU STERKUR“

Segist hafa klúðrað eigin lífi með því að leita sér ekki hjálpar

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Á hverjum degi berst fjöldinn allur af ábendingum eða fréttaskotum í pósthólf DV. Ef efni þessa pósts kveikir áhuga blaðamanna þá er umsvifalaust haft samband við þá sem sendu ábendinguna og síðan er unnin frétt um málið. Í vikunni barst nafnlaus póstur til ritstjórnar DV frá sérstakri síðu sem gerir það að verkum að ekki er hægt að svara skeytinu. Bréfið er átakanlegt í meira lagi en í því kemur fram að sendandinn hafi að mestu leyti sætt sig við að hann muni deyja á þessu ári.

Hann segist hafa verið of seinn að leita sér hjálpar vegna kynferðisofbeldis sem barn og að það hafi eyðilaggt líf hans. Það hafi verið stór mistök og hann vonist til þess að þessi skrif hans geti hjálpað öðrum að skilja hversu mikilvægt það er ef maður vill halda lífi eða eiga gott líf. Þá segir hann að þetta sé

eingöngu brot af lokaorðum sínum og að honum verði varla bjargað úr þessu.

DV hvetur sendanda bréfsins til þess ræða opinskátt við sína nánustu og leita sér hjálpar hjá fagaðilum. Til dæmis með að hringja í Hjálparsíma Rauða krossins, 1717, sem opinn er allan sólarhringinn.

Veldur óumflýjanlega vonbrigðum

„Á þessum tímamarki í lífi mínu hef ég misst alla löngun í að halda baráttunni við sjálfan mig áfram, ákjósanlegast væri að loksins finna frið í dauðanum. Ég hef aldrei verið jafn einmana og ég er núna. Það er mín eigin sök. Ég á erfitt með að hleypa fólki nærri mér og þegar ég geri það þá, óumflýjanlega, veld ég því vonbrigðum. Ég hugsa nánast stanslaust um hversu yndislegt það væri að fá loksins frið. Á sama tíma reyni ég eins og hægt er að halda í þá agnarsmáu von, sem er grafin djúpt innra með mér, að ég haldi lífi. Geri mér grein fyrir þversögn-

„Mér líður einfaldlega eins og lífið hafi aldrei gefið mér möguleika, það gaf mér góða barnæsku þar sem ég mundi ekki eftir áfallinu fyrr en í kringum átján ára aldurinn, en í kringum þann aldur ákvað lífið að slá mig harkalega niður þegar martraðirnar af ofbeldinu hófst.

inni.

Ég hef fáa, en undursamlega, að og ég reyni að gera mitt besta í að vera ekki valdur að enn einum vonbrigðunum. Mín saga með áfengi og fíkniefni mun þó að öllum líkum verða mér að falli, ég er einfaldlega ofþreyttur á einmanaleikanum, depurðinni og sjálfshatrinu. Mér líður einfaldlega eins og lífið hafi aldrei gefið mér möguleika, það gaf mér góða barnæsku þar sem ég mundi ekki eftir áfallinu

fyrr en í kringum átján ára aldurinn, en í kringum þann aldur ákvað lífið að slá mig harkalega niður þegar martraðirnar af ofbeldinu hófst. Þær hafa verið reglulegur næturgestur síðan. Mér líður eins og það sé kominn tími á mig til að hrækja í andlitið á þessu lífi sem hefur brotið hjartað í mér aftur og aftur. Það er kominn tími á hefnd gagnvart þessu lífi og ég á það skilið að fá að fara á mínum eigin forsendum.“

Var ekki nógu sterkur til að komast yfir ofbeldið

„Á endanum liggur ábyrgðin samt hjá mér. Ég var ekki nógu sterkur til að komast yfir ofbeldið sem ég varð fyrir. Þegar maður bætir svo viðbjóðnum sem maður upplifir þegar maður er í neyslu, félagar sem hafa kvatt út frá neyslu og öll þau skipti þar sem ég veld, bæði sjálfum mér og þeim sem mér þykir vænt um, vonbrigðum þá hugsa ég með sjálfum mér að það sé fullkomlega réttlætanlegt að ég bregðist þeim einu sinni enn, loka-skiptið. Ég get ekki lengur lifað lífi þar sem ég treysti ekki sjálfum mér, tankurinn er nánast tómur.

Ég hugsa mikið um dauðann. Með hverjum deginum byrja ég að þrá hann meir og meir. Ég hef lokað mig frá öllum þeim sem mér þykir vænt um, þó margir hverjir upplifi höfnun af minni hálfu þá er ég að reyna að hlífa þeim á minn hátt. Ég vil ekki gera þeim upp vonir um að ég sé að fara að verða betri. Kannski er þetta ekki rétta leiðin en ég held að hún sé þó töluvert skárri en að gefa þeim falskar vonir. Sama hvað fólk reynir að ná til mín þá er ég búinn að hlaða múr í kringum mig þar sem viljinn til að lifa er nánast horfinn, núna



horfi ég nánast eingöngu í átt að dauðanum.“

Í lagi út á við en að deyja að innan

„Mér ætti ekki að líða eins og mér líður, en ég er algjörlega búinn að bugast. Einmanaleiki, af eigin völdum, er minn verstí óvinur. Ég myndi óska þess að ég væri ánægður ef ég fengi þá ósk, því miður er lífið ekki svo gjöfult. Ekki í mínu tilfelli allavega. Kannski gæti ég komist á rétta braut ef ég væri nógu hugrakkur til að biðja þá fáu vini sem ég á eftir, eða fjölskylduna, um að hjálpa mér í gegnum þetta. Ég er bara ekki nógu sterkur til þess. Ég get ekki, á þessari stundu í lífi mínu, brugðist einhverjum og haldið áfram að anda.

Út á við horfir fólk á mig og heldur að ég sé í finu standi en að innan er ég að deyja. Ég geri þetta venjulega, mæti í ræktina og vinnuna, reyni að dreifa huganum þar en svo hef ég ekkert. Ég er búinn að loka á alla þannig að hálfan daginn er ég eins og vofa. Ég þjóna engum tilgangi.

Ég vil að þið vitið að ég er ekki reiður við neinn, nema sjálfan mig. Ég klúðraði mínu eigin lífi. Ég er ekki hræddur við dauðann heldur hef ég sætt mig, svona næstum því, við þau örlög að ég muni deyja á þessu ári. Ég berst á hverjum degi við þá hugsun að ég ætti að enda þetta í dag og ég mun ekki hafa þrek til þess að halda þeim slag út árið.“ ■

Millifyrirsagnir eru ritstjórnar DV.

Næsti kafli
hefst

HJÁ OKKUR

hafðu samband

GIMLI
FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is



Fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum.

Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar sem hefur 35 ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,“ segir hann.

Formaður Félags íslenskra útfararstjóra

Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra

útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um siðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sækir einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna,“ segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

Virðingin og alúð

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að

hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst,“ segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við síðum um allt er líftur

að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.“

Íslensk hönnun og handverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast strönguustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur en alltaf er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóni. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur sem eru alænaastar.

en einnig töluvert úrval af viðarkistum.“ Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sértaka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar,“ útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulagan máta.“

Nánari upplýsingar er að finna á utfarir.is eða í síma 567-9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórhásson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Leitin að lífsförunautnum er oft þyrnum stráð og oft sér maður ekki gullfiskinn fyrir allri þorskorfunni.

Fjöldi forrita býðst til að stytta okkur leitina, já, eða bara finna einhvern frambærilegan einstakling sem er í stíl við stofusófann fyrir Netflix og slökun. Þar er Tinder oft góður Akkilesarhæll og fólk keppist við að sópa ýmist til hægri eða vinstri. Við slíka hringingingu má oft finna þekkt einstaklinga, enda þeir bara

með sömu væntingar og vonir í þessu „snjall“-appi og við hin.

Á meðal þekktara einstaklinga sem birst hafa á snjallsímaskjánum hjá einhlypum heimildarmönnum DV eru Sölvi Tryggvason fjölmiðlamaður, tónlistarfólkið Þórunn Erna Clausen, Ásgeir Trausti, Daníel í Kaleo og Dj Dóra Júlía, leikararnir Gísli Rúnar Jónsson, Kjartan Guðjónsson og Þórir Sæmundsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir borgarfulltrúi, Þorsteinn Stephensen, eigandi Herra Örlygur, Jóhannes Kristjánsson eftirherma og Selma Björnsdóttir, söngkona og leikstjóri.



Dóra Björt Guðjónsdóttir



Sölvi Tryggvason




Ásgeir Trausti



Selma Björnsdóttir



Þórir Sæmundsson



Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalvegí 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



Dj Dóra Júlía

Mamma Mia! Here We Go Again

Boðsmiðaleikur

Á þriðjudaginn birtum við leik fyrir lesendur DV.is þar sem í vinning voru 10 miðar á myndina þar sem hver gildir fyrir tvo. Einng eru í vinning fjórir miðar sem hver gildir fyrir tvo á ABBA-sýninguna í Hörpu þann 27. október. Nöfn vinningshafar má sjá hér til hliðar og geta þeir sótt miða sína á skrifstofu DV eftir kl. 13 í dag, föstudaginn 20. júlí. Vinningshafar á ABBA-sýninguna eru beðnir um að senda tölvupóst á tomas@dv.is til að fá upplýsingar um hvenær nálgast megi miðana.

Hafðís Erla Bogadóttir
+ **tónleikamiðar**
Berglind Bergmann
+ **tónleikamiðar**
Linda Hrönn Þórisdóttir
+ **tónleikamiðar**
Halldóra Björg Jónasdóttir
+ **tónleikamiðar**
Harpa Hreinsdóttir
Skúli Guðmundsson
Hafðís Magn
Rósa Harðardóttir
Kristín Alfreðsdóttir
Þórunn Heiða Gylfadóttir





MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is

Spánskur köttur fór í aðgerð fyrir íslenskt söfnunarfé

Veronica Monique stundar dýralæknanám í Valencia á Spáni. Þar er mikið af heimilislásum dýrum, öll athvörf full og að hennar sögn lítill vilji hjá stjórnvöldum til að breyta ástandinu. Veronica hefur samhliða náminu gert sitt besta til að hjálpa. Nýlega leitað hún til kattaunnenda á Íslandi í Facebook-hópnum Spottaði kött, þar sem villiköttur í götunni hennar þurfti á aðgerð að halda.

Kóngur hverfisins, eins og hann er kallaður, er um 12 ára, en hefur verið yfirgefinn í 10 ár. „Hann er mikill karakter, með

ónýta afturlöpp, hált skott og það er bara ótrúlegt að hann hefur náð að lifa allan þennan tíma!“

Kóngur var kominn með alvarlega tannholdbólgu, ónýtar tennur og mikla sýkingu. Því þurfti hann að komast í aðgerð til að ónýtar tennur yrðu fjarlægðar og til að fá lyfjameðferð, en aðgerðin kostaði um 100 þúsund.

„Þessi köttur eins og öll önnur dýr, á skilið gott líf en ekki að deyja kvalafullum dauða á götunni. Getið þið hjálpað mér að hjálpa honum?“ spurði Veronica kattaunnendur sem brugðust fljótt við og safnaðist fyrir aðgerðinni

og ríflega það. Því mun Kóngur hverfisins ríkja áfram heill heilsu, þökk sé kattaunnendum sem láta landamæri ekki stöðva sig til að bjarga vinum sínum.



Hallbjörn selur Kántrýbæ

Fasteignasala Reykjavíkur er nú með í einkasölu Hólansveg 11, Skagaströnd, sem er bjálkahús, fullbúið veitingahús sem er nærri 400 fermetrar á tveimur hæðum. Hluti hússins er frá 1945, en nýrri hlutinn frá 1998.

Fasteignin er eins og glöggir átta sig á hinn landsfrægi Kántrýbær, sem söngvarinn Hallbjörn Hjartarson hefur ávallt verið kenndur við. Þinglýstur eigandi eignarinnar er Villta vestrið ehf. sem er samkvæmt skráningu í hlutafélagaskrá að fullu í eigu Hallbjörns.

Frægðarsól Hallbjörns skein skærast á níunda áratug síðustu aldar. Þá var hann íslenski kúrekin sem rak veitingahús og hróður hans barst um víða veröld, auk þess sem Kántrýhátíð á Skagaströnd sló í gegn.

Frægðarsólin gekk til víðar í febrúar 2015 þegar Hæstiréttur staðfesti þriggja ára dóm yfir Hallbiri fyrir grófa misnotkun á að minnsta kosti tveimur drengjum. Sökum aldurs, hann er 83 ára á þessu ári, var hann talinn of ellihrumur fyrir fangelsi og afplánaði hann því refsingu bæði dómstóla og samfélags innan veggja hjúkrunarheimilis.

Kántrýbær er tákn um fyrri frægð og betri tíma og nú er kjörð fyrir einhvern nýjan að taka við rekstri hússins og byggja orðspor þess á staðnum sjálfum, en ekki gjörðum núverandi eiganda.

Þetta kemur mér spánskt fyrir sjónir!

Loki

LÝKUR UM HELGINA

SUMAR

ÚTSALA

KENT
A century of cycling

Útsöluverð

Reiðhjól
TRAIL BLASTER
reiðhjól 24",
21 gíra, grænt,
Shimano gírar.

24.995
49620076

Almennt verð: 37.995

34% afsláttur

OUYAO

Útsöluverð

Sláttuvél
OY460P fjörgengismotor, 2,3
kW, sláttubreidd 46 cm, 5
hæðastillingar, 60 lítra safnpoki.

20.995
53323130

Almennt verð: 34.995

40% afsláttur

Útsöluverð

Blómakassi
LILI 1 34x34x32 mm

2.998
0291835

Almennt verð: 5.995

50% afsláttur

GRILLPRO

Útsöluverð

Gasgrill
Hefðbundið tveggja
brennara gasgrill með
hliðarborðum og efri hillu.

18.995
50657522

Almennt verð: 29.995

37% afsláttur

kilovött 7,3
brennara 2

SKRÁÐU ÞIG

á póstlista BYKO og þú getur unnið frábæra vinninga!

1. Ferð fyrir 2 til Valencia með Heimsferðum.
2. Afnot af KIA Ceed í vetrarleigu frá Hertz.
3. Napoleon Rogue gasgrill frá BYKO.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Heimsferðir Hertz NAPOLEON

Skráðu þig á póstlistann á byko.is